

54. Þing Frjálsíþróttasambands Íslands



Þinggerð

*Haldið í Hlégarði, Mosfellsbæ
26. og 27. mars 2004*

1. Þingsetning

Jónas Egilsson, formaður FRÍ, bauð gesti og þingfulltrúa velkomna til þingsins. Sagði hann það vel við hæfi að halda þingið í Mosfellsbæ þar sem bæjarfélagið hefur staðið vel við bakið á íþróttahreyfingunni. Ræddi hann um vönduð íþróttamannvirki og það mikilvæga fordæmi sem sýnt hefði verið þegar farið var út í lagningu gerviefnis á frjálsíþróttavöllinn. Þá sagði Jónas að fyrir þessu þingi liggi óvenju margar tillögur sem bendi til öflugs starfs innan hreyfingarinnar. Sagði hann mikinn viðsnúning hafa orðið í rekstri sambandsins til hins betra undanfarin ár og megi greina það í öflugra starfi og ástæða sé til bjartsýni. Væntanlegt frjálsíþróttahús í Laugardal mun að sjálfsgöðu gefa mikil sóknarfæri sem verði að nýta vel. Hann sagði það sérstök forréttindi að fá að vinna fyrir hreyfinguna með skemmtilegu og áhugasömu fólki. Að því loknu setti Jónas 54. þing Frjálsíþróttasambands Íslands.

2. Kosning fastra starfsmanna þingsins

Formaður gerði tillögur um eftirfarandi sem starfsmenn þingsins og voru þeir samþykktir með lófaklappi:

Þingforsetar: Hafsteinn Pálsson, Magnús Stefánsson
Ritari: Hafsteinn Óskarsson

3. Kosning nefnda þingsins

Eftirtaldir þingfulltrúar voru kjörnir í þingnefndir:

Kjörbréfanefnd: Sigurður P. Sigmundsson, Helgi S. Haraldsson og Þórarinn Sveinsson
Fjárhagsnefnd: Stefán Halldórsson. Fleiri tilnefningar bárust ekki.
Allsherjarnefnd: Kári Jónsson. Fleiri tilnefningar bárust ekki.
Laganefnd: Þorsteinn Þorsteinsson. Fleiri tilnefningar bárust ekki.

4. Skýrsla stjórnar

Jónas Egilsson, formaður FRÍ, flutti skýrslu stjórnar. Þar kom hann m.a. inn á það að hagnaður hefur verið á rekstri sambandsins undanfarin sex ár og að halda þurfi áfram að reka sambandið með hagnaði næstu árin til að geta greitt upp langtímalán sem á því hvíla. Hann ræddi um framfarir og góðan árangur frjálsíþróttamanna undanfarin misseri og óeigingjarnt starf fjölda fólks sem í kringum íþróttina starfar. Aðstaða til frjálsíþróttaiðkunar sagði hafa tekið miklum framförum og von væri á fullkominni innanhússaðstöðu innan tíðar.

Hann benti á að nú í sumar verið haldin Evrópubíkarkeppni hér á landi og næsta haust fundur forystumanna í frjálsíþróttum í Evrópu. Þetta sagði hann benda til þess að okkur sé treyst og að okkur fari fram.

Að lokum benti hann á að þó margt hefði áunnist þyrfti frjálsíþróttahreyfingin að halda vöku sinni og hann brýndi viðstadda til að standa saman að settu marki.

5. Ávörp gesta

Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ, sagðist vera ánægður að fá tækifæri til að ávarpa þingheim. Hann vakti máls á áhugaleysi fjölmiðla og erfiðleikum með fjáröflun en sagði þó eitthvað vera að rofa til í þeim málum. Þá þakkaði hann góða skýrslu og sagðist merkja hvernig allt væri á uppleið og hrósaði fjölda settra meta á árinu. Eftir að hafa óskað Jónasi og Birgi til hamingju með frama á alþjóðlegum vettvangi kom hann inn á framkvæmd Smáþjóðaleikanna. Þá óskaði hann frjálsíþróttafólki til hamingju með væntanlega frjálsíþróttahöll og spáði því að hún ætti eftir að verða vendipunktur í starfinu. Hann sagðist hér mættur til að heiðra óeigingjarnt sjálfbóðaliðastarf þess fólks sem hér er mætt og óskaði þinginu góðs gengis í störfum sínum.

6. Kvöldverður í boði Mosfellsbæjar

Forseti bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, Hafsteinn Pálsson, skýrði frá frekari uppbyggingu íþróttamannvirkja í bæjarfélaginu og skilaði kveðju frá bæjarstjórn. Bauð hann að því búnu til kvöldverðar í boði bæjarstjórnar.

7. Afhending heiðursviðurkenninga.

Besta afrek 20 ára og yngri á árinu 2003.

Sigurbjörg Ólafsdóttir, Breiðabliki.

Bikar gefinn af Dóru Gunnarsdóttur og Guðmundi Hallgrímssyni til minningar um Berg Hallgrímsson.

Sigurbjörg hljóp á 12.25sek. í 100m hlaupi á HM unglunga fyrir 17 ára og yngri í Sherbrook í Kanada. Sá árangur gefur 986 stig skv. stigatöflu IAAF.

Jónsbikarinn.

Sunna Gestsdóttir, UMSS.

Veittur fyrir besta afrek í spretthlaupum (100m og 200m).

Gefendur: Fóstbræður, til minningar um Jón Halldórsson ÍR.

Sunna hjóp 200m hlaup á 24.27 sek. í Evrópubikarkeppninni í Árósum, þar sem hún náði 2.sæti. Sá árangur gefur 1047 stig skv. stigatöflu IAAF.

Viðurkenning fyrir "óvæntasta afrekið" á árinu 2003.

Björn Margeirsson, Breiðabliki.

Hann hlýtur bikarinn fyrir glæsilegan sigur í 1500m hlaupi á Smáþjóðarleikunum á Möltu. Með þessu afreki skaust Björn fram í sviðsljósið og hefur síðan baðað sig þar með góðum afrekum og áframhaldandi bætinum.

Framfarabikarinn.

Bergur Ingi Pétursson, FH.

Veittur fyrir miklar framfarir á árinu.

Hann bætti sig gríðarlega á árinu í sleggjukasti, kastaði karlasleggjunni 53,66m, en í fyrra kastaði hann 44,66m (bæting um 9 metra). Hann kastaði 5,5kg sleggju 63,36m á árinu og bætti sig þar einnig um tæpa 9 metra. Bergur Ingi bætti drengjametin með öllum þyngdum á þessu ári: 7,26kg = 53,66m, 6kg = 59,97m og 5,5kg = 63,36m.

Íþróttakarlar í öldungaflokki árið 2003:

Kristján Gissurarson, Breiðabliki.

Hann varð í öðru sæti í stangarstökki í 50 ára flokki á Heimsmeistaramóti Öldunga sem haldið var í Puerto Rico í júlí og auk þess setti hann glæsilegt Íslandsmet í sínum flokki sl. sumar er hann stökk 4.25m.

Íþróttakona í öldungaflokki árið 2003:

Árný Heiðarsdóttir, Óðni, Vestmannaeyjum.

Hún náði mjög góðum árangri í langstökki og þristökki á Íslandsmeistaramóti öldunga sem haldið var á Laugardalsvelli í sumar.

Auk þess hefur Árný hefur haldið uppi öflugu öldungastarfi í Vestmannaeyjum.

Frjálsíþróttakarlar ársins 2003.

Jón Arnar Magnússon

- Náði 4. sæti á HM innanhúss í Birmingham í sjöþraut með 6185 stig.
- Er í 4. sæti á heimslistanum í sjöþraut innanhúss með þann árangur.
- Varð annar á alþjóðlega tugþrautarmótinu í Ratingen í Þýskalandi með 8023 stig.
- Náði þriðja sæti á alþjóðlega tugþrautarmótinu í Götzis, 8.222 stig.
- Er í 8. sæti á heimslistanum í tugþraut í ár með þann árangur.
- Er í 5. sæti á stígalista alþjóða frjálsíþróttasambandsins (IAAF) í tugþraut/sjöþraut á árinu (IAAF World Rankings).

Frjálsíþróttakona ársins 2003.

Dórey Edda Elísdóttir

- Varð í 3.sæti á alþjóðlegu innanhússmóti í Aþenu, er hún stökk 4.50m.
- Er í 8.-9.sæti á heimslistanum innanhúss með þann árangur.
- Varð í 9. sæti á HM innanhúss í Birmingham í mars.
- Komst í úrslit og hafnaði í 11.sæti á HM utanhúss í París í ágúst.
- Stökk 4.43 metra utanhúss á árinu, sem er 19. sæti á heimslista IAAF.
- Er í 14. sæti á stígalista alþjóða frjálsíþróttasambandsins í stangarstökki á árinu (IAAF World Rankings).

Frjálsíþróttamaður ársins 2003:

Jón Arnar Magnússon

8. Reikningar fyrir árin 2002 og 2003 lagðir fram

Gunnlaugur Karlsson, gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum fyrir tvö s.l. ár. Hann sagði aðhald hafa leitt til þess að tekist hefur að borga niður skuldir að verulegu leiti og kvaðst bjartsýnn á að áframhald verði á því. Sagði hann framkvæmdastjóra eiga stóran þátt í því. Þá fór hann yfir reikningana.

Bókhaldslegt tap sagði hann nokkurs konar tiltekt sem tekið hefur nokkur ár.

Um rekstraráætlunina sagði hann að Evrópubíkarkeppnin muni tvöfalda veltuna árið 2004. Áætlun fyrir 2005 er mun grófari áætlun. Hann sagði að mikið aðhald þurfi til að ná þessu í gegn og ráðlagði komandi stjórn að fara varlega.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Kári Jónsson þakkaði fráfarandi stjórn fyrir greinargóða skýrslu og sagði hana líta vel út. Hann sagðist stoltur af íslensku íþróttafólki og þakkaði hve vel hafi tekist til með fjármálin. Varðandi útbreiðsluátakið Fjör í frjálsum sagði hann of lítið gert úr því starfi í skýrslunni. Taldi hann að hér sé um sóknarfæri að ræða en að skilja þurfi á milli útbreiðslu og afreksíþrótt. Engan mælistokk þurfi við útbreiðsluna. Ekki væri hægt að segja að verkefnið sé misheppnað því innan svæðis HSK hefur verið haldin keppni innan skólanna. Benti hann máli sínu til stuðnings á góðan árangur á landsvísu. Hér sé því tæki til að taka upp frjálsar með frjálsari hætti. Þá óskaði hann þeim til hamingju sem hlotið hafa viðurkenningar en sagði vont að Jón Arnar skuli ekki vera á svæðinu til að taka við viðurkenningu eða formaður Breiðabliks í hans stað.

Böðvar Örn Sigurjónsson, form. frjálsíþróttad. Breiðabliks, gaf sig þá fram. Kvaðst hann hafa verið fjarverandi við afhendinguna, óafvitandi um hvað til stóð.

Jónas óskaði eftir að fá að afhenda honum gripina og las hann upp árangur Jóns og afhenti síðan Böðvari bikarana til að koma til Jóns.

Dagskrá hélt síðan áfram.

Magnús Jakobsson þakkaði stjórn góða skýrslu, og framkvæmdastjóra sín störf. Hann vakti máls á að það hafi verið slæmt að ungt fólk var sent á HM 17 og yngri á sama tíma og Meistaramót unglinga, þrátt fyrir aðvaranir um að þetta rækist á. Varðandi reikningana sagðist hann óánægður með hversu deildir þurfa að reiða mikla fjármuni af hendi vegna ferðalaga og móta. Þar væri um að ræða ámóta upphæð og eigin fjáröflun FRÍ. Evrópubíkarinn sagði hann skera sig úr með að þar þurfti að borga uppíhald. Þar þurfti FRI ekki að greiða. Að lokum taldi hann að stjórnin megi vera hreykna af störfum sínum.

Gunnar Páll Jóakimsson þakkaði skýrsluna sérstaklega hvað úttekt á afrekum varðar og einstökum nefndum. Benti hann sérstaklega á mynd af gerviefnisvellingum á Sauðárkróki. Þá hrósaði hann stjórn fyrir að ná niður skuldum sambandsins og sagði erfið fjármál ekki vera einskorðuð við frjálsíþróttir. Að lokum gat hann þess að Ísland átti eitt Norðurlandanna lið í HM í víðavangshlaupum.

Gunnlaugur Karlsson svaraði vegna kostnaðarþátttöku félaganna í landsliðsferðum að sú innheimta sem þannig færi fram væri milli 3-4% af veltu FRÍ. Þessi innheimta hafi hins vegar verið nauðsynleg vegna þess að ákveðið var að halda úti fullu mótahaldi og greiða samtímis niður skuldir. Hann hvatti að lokum fólk til að eyða ekki mikilli orku í deilur heldur sameinast í baráttu fyrir bættu starfi.

9. Kjörbréfanefnd skilar álit

Sigurður P. Sigmundsson, formaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og fór yfir nöfn þeirra fulltrúa sem tilgreindir voru á kjörbréfum. Alls bárust kjörbréf frá 9 sambandsaðilum, alls 59 fulltrúar.

Eftirtalin kjörbréf bárust. Fjöldi fulltrúa sem sambandsaðili á rétt á eru innan sviga.

HSK (8) Kári Jónsson Helgi S. Haraldsson Vigdís Guðjónsdóttir Markús Ívarsson Særún Sæmundsdóttir Oddur Árnason Helga Baldursdóttir Engilbert Olgeirsson Til vara: Eiríkur Ágústsson	UMSK (5) Arnþór Sigurðsson Böðvar Örn Sigurjónsson Hlynur Guðmundsson Anna I. Filbert Halldór Lárusson Til vara: Eysteinn Haraldsson Hannes Strange Magnús Jakobsson Eiríkur Lárusson Friðrik Þorsteinsson
ÍBR (13) Stefán Halldórsson Felix Sigurðsson Þráinn Hafsteinsson Óskar Thorarensen Gunnar Páll Jóakimsson Hákon Guðmundsson Hörður Sverrisson Hreinn Ólafsson Stefán Jóhannsson Burkni Helgason Albert Þór Magnússon Sverrir Guðmundsson Þórdís Gísladóttir Til vara: Martha Ernstsóttir Jóhanna Ingaóttir Unnsteinn Grétarsson Áslaug Ívarsdóttir	ÍBH (8) Ragnheiður Ólafsdóttir Björn Margeirsson Magnús Haraldsson Kristinn Guðlaugsson Eggert Bogason Trausti Sveinbjörnsson Sigurður Haraldsson Sigurður Pétur Sigmundsson Til vara: Þórarinn Sveinsson Ólafur S. Traustason Haraldur S. Magnússon Elísabet Ólafsdóttir Bjarni Þór Traustason Guðmundur Karlsson Einar Þór Einarsson
ÍBA (5) Gísli Pálsson Hannes Garðarsson Hólmfríður Erlingsdóttir Haukur Valtýsson	UMSB (5) Íris Grönfeldt Rósa Marinósdóttir Sveinbjörg Stefánsdóttir
UMSS (4) Gunnar Sigurðsson Gísli Sigurðsson Ásbjörn Karlsson Sigurbjörn Árni Arngrímsson Til vara: Þorsteinn Reynir Þórsson Katrín Atladóttir	UMSE (5) Ásgeir Már Hauksson Konráð Fr. Svavarsson UÍA (6) Magnús Stefánsson

Framhald umræðna um skýrslu stjórnar og reikninga.

Hlynur Guðmundsson þakkaði góða skýrslu. Sem formaður Frjálsíþróttþjálfarafélags Íslands kvaðst hann hafa reynt að fá þjálfara til að koma saman en án árangurs. Hann saknaði hvatningar frá FRÍ til félaganna að fá þjálfarana til að hittast.

Þórarinn Sveinsson tók undir orð Kára um að verkefnið Fjör í frjálsum sé ekki misheppnað og benti á að í skýrslunni standi að um gott verkefni sé að ræða. Hann sagði þörf á að ná til unga fólksins í gegnum skólana og kvaðst sannfærður um að við séum á réttri braut.

Jónas Egilsson þakkaði góð orð í garð stjórnarinnar og starfsmönnum fyrir vel unnið verk. Tók hann undir orð Þórarins um Fjör í frjálsum. Varðandi þjálfarafélagið kvað hann FRÍ hafa beitt sér fyrir því að vekja félagið upp og sagði það mikilvægan félagsskap. Hins vegar væri það ekki beinn aðili að FRÍ og því ekki á þess ábyrgð en að reynt hafi verið að styðja við það með upplýsingagjöf. Varðandi mótaskrána sagði hann ekki gott þegar árekstrar yrðu en taldi þetta hafa verið nauðungu vegna tímaþrengsla. Um þátttöku félaganna í ferðakostnaði sagði hann það skipta máli fyrir fjárhaginn. Þannig hafi verið hægt að taka þátt í fleiri mótum en ella. Hann sagði ekki verða aftur snúið til skuldasöfnunar þar sem ekki sé vilji til að setja fjármuni í vaxtagreiðslur. Að lokum þakkaði hann góðar umræður.

Reikningar voru bornir upp í einu lagi með samþykki þingsins og samþykktir samhljóða.

10. Fjárhagsáætlun stjórnar til næstu tveggja ára.**Þingskjal 1. Fjárhagsáætlun Frjálsíþróttasambands Íslands 2004 og 2005**

Tekjur	2004	2005
Framlög og styrkir		
Íslensk getsþá	4.000.000	4.500.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	1.176.000	1.176.000
Styrkir frá ÍSÍ/ÓS	2.320.000	2.320.000
Afrekssjóður	5.540.000	5.540.000
Sjóður ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna	700.000	700.000
Endurgr. og styrkir IAAF	1.380.000	1.380.000
Endurgr. og styrkir EAA	770.000	2.000.000
Endurgr. félaga v / þátttöku í alþjóðamótum	160.000	150.000
Endurgr. frá íþróttafólki v. keppnisferða	200.000	134.000
Evrópubíkarkeppnin í Reykjavík	19.500.000	3.000.000
Styrkur Fjárlaganefndar Alþingis	2.000.000	1.000.000
Styrktarsamningar	3.000.000	3.000.000
Tekjur v. a ára		
Þ. 1 Rekstraráætlun fyrir 2004 og 2005 Samnings við RUV.	2.400.000	2.400.000
Aðrar tekjur	2.180.000	2.000.000
Tekjur alls	45.326.000	29.300.000

Gjöld**Almenn rekstrargjöld**

Launa- og verktakagreiðslur	4.024.000	4.300.000
Greiðslur til félaga og afreksmanna	4.792.000	4.800.000
Kostnaður v/ þátttöku í alþjóðamótum	3.610.000	4.500.000
Evrópubíkarkeppni	19.500.000	2.500.000
Kostnaður v/ móta innanlands	800.000	800.000
Kostnaður v/ afreksstarfs	5.480.000	5.400.000
Fræðslu og útbreiðslustarf	1.955.000	2.000.000
Rekstur skrifstofu	2.937.695	3.000.000
Önnur gjöld	480.000	700.000

Rekstrargjöld alls	43.578.695	28.000.000
---------------------------	-------------------	-------------------

Fjármagnsliðir**Fjármagnsliðir**

Fjármagnsliðir	444.000	400.000
----------------	---------	---------

Fjármagnsliðir alls	444.000	400.000
----------------------------	----------------	----------------

Rekstrargjöld m/ fjármagnsliðum alls	44.022.695	28.400.000
---	-------------------	-------------------

Afkoma af rekstri

Tekjur alls	45.326.000	29.300.000
Rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði	43.578.695	28.000.000

Afkoma fyrir fjármagnsliði	1.747.305	1.300.000
-----------------------------------	------------------	------------------

Fjármagnsliðir	444.000	400.000
----------------	---------	---------

Afkoma eftir fjármagnsliði	1.303.305	900.000
-----------------------------------	------------------	----------------

Visað til fjárhagsnefndar.

11. Tillögur að laga- og reglugerðabreytingum og aðrar tillögur

Þingskjal 2 Tillaga um breytingar á lögum, reglugerðum og samþykktum FRÍ

54. frjálsíþróttþing, haldið í Mosfellsbæ 26. 27. mars 2004, samþykkir svohljóðandi meðferð á lögum og reglugerðum FRÍ:

1. Lögð er tillaga fram um svofellda flokkun laga og reglugerða FRÍ og þau þannig kynnt á heimasíðu sambandsins og almennt (*sbr. meðfylgjandi skjal*).
2. Lagt er til að lögum FRÍ (A) verði breytt (*sbr. meðfylgjandi skjal*).
3. Lagt er til að allar reglugerðir um mót á vegum FRÍ (B) verði teknar til gagnrýningar endurskoðunar og hugað sérstaklega að samræmingu aldursflokka, áhalda og grinda til samræmis við alþjóðlegar og norrænar reglur. Þá verði sérstaklega hugað að breytingum vegna fyrirséðrar nýrrar og bættrar aðstöðu til keppnishalds innanhúss innan fátíðra ára. Starfshópar verði skipaðir til að vinna að samhæfðum reglugerðum um mót á vegum FRÍ og skili til stjórnar. Nýjar reglugerðir um mót verði teknar til meðferðar á aukáþingi, sem boðað yrði til jafnframt næsta mótáþingi.
4. Til bráðabirgða er lagt til að gr. 4 í *Reglugerð um Bikarkeppni FRÍ* verði tekin út.
5. Lagt er til að *Reglugerð um framkvæmd móta* (C.1) og *Reglugerð um skráningargjöld á mót* (C.2) verði gerðar nokkrar breytingar. Nýjar reglugerðir, sem áður hafa verið í formi tilmæla, verði *Reglugerð um skráningu og tilkynningu úrslita* (C.3) og *Reglugerð um umsóknir vegna mótahalds* (C.4). Reglugerð um sérkeppnisreglur FRÍ verði teknar til endurskoðunar, m.a. til að taka á skilyrðum fyrir staðfestingu Íslandsmeta.
6. Lagt er til að dómara- og reglugerð (D.1) verði tekin til endurskoðunar í ljósi reynslu undanfarinna ára. Skipa mætti starfshóp til að vinna að nýrri dómara- og reglugerð fyrir aukáþing. Lagðar eru til breytingar á *Reglugerð um félagaskipti* (D.2), *Reglugerð um heiðursmerki* (D.4) og *Reglugerð um skiptingu styrkja* (D.5). *Reglugerð um íþróttamannanefnd FRÍ* (D.6) er ný (*sjá meðfylgjandi gögn*).

A Lög FRÍ

B Reglugerðir um mót á vegum FRÍ

- B.1 Reglugerð um aldursákvæði, kastáhöld og grindur
- B.2 Reglugerð um Bikarkeppni FRÍ
 - B.2.1 Bikarkeppni FRÍ
 - B.2.2 Bikarkeppni FRÍ í fjölþrautum
 - B.2.3 Bikarkeppni fyrir 16 ára og yngri
- B.3 Meistaramót Íslands
 - B.3.1 Meistaramót Íslands utanhúss
 - B.3.1.1 Meistaramót Íslands - aðalhluti
 - B.3.1.2 Meistaramót Íslands - öldungaflokkur
 - B.3.1.3 Meistaramót Íslands - 15-22 ára
 - B.3.1.4 Meistaramót Íslands - 12-14 ára
 - B.3.2 Meistaramót Íslands innanhúss
 - B.3.2.1 Meistaramót Íslands innanhúss - aðalhluti
 - B.3.2.2 Meistaramót Íslands innanhúss - 15-22 ára
 - B.3.2.3 Meistaramót Íslands innanhúss - 12-14 ára
 - B.3.2.4 Meistaramót Íslands innanhúss - fjölþrautir

C Reglugerðir tengdar mótum á vegum FRÍ

- C.1 Reglugerð um framkvæmd móta á vegum FRÍ
- C.2 Reglugerð um skráningargjöld á mót
- C.3 Reglugerð um skráningu og tilkynningu úrslita
- C.4 Reglugerð um umsóknir vegna mótahalds
- C.5 Reglugerð um sérkeppnisreglur FRÍ

D Ýmsar reglugerðir

- D.1 Dómarareglugerð
- D.2 Reglugerð um félagaskipti
- D.3 Reglugerð um garpsmerki
- D.4 Reglugerð um heiðursmerki
- D.5 Reglugerð um íþróttamannanefnd FRÍ
- D.6 Reglugerð um skiptingu styrkja

Þorsteinn Þorsteinsson, formaður laganeftdar, segir tillögur frá sambandsaðilum komnar fram sem verði ræddar samtímis þessari og jafnvel sameinaðar.

Stjórn FRÍ

Þingskjali 2 var vísað í laganeftnd.

Þingskjal 3. Um MÍ og Bikarkeppni FRÍ

54. Frjálsíþróttatþing samþykkir að Meistaramót og Bikarkeppnir FRÍ í öllum aldursflokkum skulu fara fram á keppnisvelli lögðum gerviefni frá og með árinu 2005.

Greinargerð:

Keppnisvelli lagðir gerviefni eru nú átta talsins á landinu í öllum landshlutum. Eðlilegt er því að öll helstu mót á vegum FRÍ fari fram á gerviefnisvöllum við bestu aðstæður sem bjóðast til keppni.

Stjórn FRÍ

Þingskjal 3 var vísað bæði til laga- og allsherjarnefndar.

Þingskjal 4. Um MÍ og Bikarkeppni FRÍ

54. Frjálsíþróttatþing samþykkir að Meistaramót Íslands aðalhluti og Bikarkeppni FRÍ skuli fara fram á keppnisvelli sem hefur að lágmarki sex hringbrautir.

Greinargerð:

Á landinu eru nú sjö keppnisvelli með sex til átta hringbrautum. Mikilvægt er að stærstu frjálsíþróttamótin fari fram á keppnisvöllum með a.m.k. sex hringbrautum og um leið kvatt til þess að ekki verði byggðir nýjir keppnisvelli með færri en sex hringbrautum í framtíðinni.

Stjórn FRÍ

Þingskjali 4 var vísað til allsherjar- og laganeftdar.

Þingskjal 5. Áætlun um mótahald fyrir tímabilið 2002 til 2008

Hér á fyrir neðan eru tillögur um skipulag mótahalds næstu árin. Það hafa verið gerðar breytingar síðan á þinginu 2002, þar má telja að UMSS kemur inn í stað UFA/UMSE frá árinu 2005 vegna nýs frjálsíþróttavallar á Sauðárkróki. Einnig er gert ráð fyrir að MÍ fyrsti hluti (MÍ í fjölþrautum og lengri boðhlaupum) og Bikarkeppni í fjölþrautum verði eitt mót frá og með árinu í ár, eins og reglur FRÍ bjóða upp á. Þetta skipulag er bindandi til næstu tveggja ára eða árin 2004 og 2005.

A. Meistaramót Íslands, innanhúss tímabilið 2002-2008

Mót	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
MÍ aðalhluti	Fjöltnir	Bbl	FH	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bbl
MÍ 15 - 22 ára	ÍR	Fjöltnir	Bbl	FH	Árm	ÍR	Fjöltnir
MÍ 12 - 14 ára	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bbl	FH	Árm	ÍR
MÍ fjölþraut	FH	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bbl	FH	Árm
MÍ öldunga	Bbl	FH	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bbl	FH

B. Meistaramót Íslands og Bikarkeppnir, utanhúss tímabilið 2002-2008

MÓT	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
MÍ aðalhluti	Bbl	UMSB	Fjöltnir	UÍA	Ármann	UMSS	ÍR
Bikarkeppni FRÍ	RVK	RVK	Utan	RVK	Utan	RVK	Utan
Bikarkeppni 16 o. y.	FH	Bbl	UMSB	HSK	Ármann	UMSS	UÍA
HVÍLD	ÍR	FH	Bbl	UMSB	HSK	Ármann	UMSS
Bikarkeppni þraut	ekki haldið		XX	XX	XX	XX	XX
MÍ 12-14 ára	UFA+Ey	UÍA	ÍR	FH	Bbl	UMSB	HSK
Víðavangshl.Ísl	Ármann	ÍR	UÍA	ÍR	FH	Bbl	UMSB
MÍ Öldunga	HSK	Ármann	UFA+Ey	Bbl	ÍR	FH	Bbl
MÍ fyrri hluti/Bikark.Þr.	Fjöltnir	HSK	Ármann	UMSS	UÍA	ÍR	FH
MÍ 15-22 ára	UMSB	Fjöltnir	HSK	Ármann	UMSS	UÍA	ÍR

Í áætluninni er gert ráð fyrir að MÍ aðalhluti og Bikarkeppni FRÍ fari fram á Laugardalsvelli annað hvert ár en hitt árið utan Reykjavíkur á þeim stöðum sem hafa yfir að ráða a.m.k. sex brauta keppnisvelli. Þannig er tryggt að annað af stærstu mótum ársins fari ávallt fram á átta brauta velli við bestu mögulegar aðstæður.

Þá er gert er ráð fyrir að UMSS komi inn sem mótshaldari fyrir UFA/UMSE ef tillaga um að öll meistaramót og bikarkeppnir FRÍ skuli fara fram á velli með gerviefni frá og með árinu 2005 verður samþykkt.

Stjórn skal óska eftir umsóknum frá sambandsaðilum um Bikarkeppni FRÍ árlega og úthluta mótinu m.t.t. þátttökuréttar og keppnisáðstöðu umsækjenda.

Stjórn FRÍ

Þingskjali 5 var vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal 6. Um lækun gjalda vegna þátttöku á mótum erlendis.

54. frjálsíþróttaping, haldið í Mosfellsbæ 26. og 27. mars 2004, samþykkir svohljóðandi ályktun vegna þátttökugjalda keppenda og greiðslur félaga vegna keppenda fyrir árin 2004 og 2005:

- * Þátttökugjald keppenda á mótum erlendis verði kr. 2.000 á árinu 2004 og kr. 1.000 á árinu 2005.
- * Greiðslur félaga vegna keppenda á mótum erlendis verði kr. 6.000 á mann á árinu 2004 og kr. 4.000 á árinu 2005.

Ofangreind gjöld verði endurskoðuð á frjálsíþróttapingi 2006.

Skýringar:

Ofangreind gjöld hafa verið í gangi undanfarin ár til þess að mæta kostnaði vegna móta erlendis og til að viðhalda vitund þátttakenda um kostnað. Með þessum gjöldum hefur verið hægt að halda úti meiri starfsemi og þátttöku í mótum erlendis en ella. Þetta hefur því óneitanlega komið íþróttamönnum til góðs. Munu nær öll önnur sérsambönd innan ÍSÍ viðhafa kerfi líkt þessu að einhverju leyti.

Frá því að upphafleg gjöld voru sett á hafa greiðslur vegna keppenda á mótum erlendis lækkað úr kr. 12.000 á mann fyrir árið 1999 í kr. 8.000 fyrir árið 2004. Þátttökugjöld keppenda voru upphaflega kr. 3.000 á mann á dag, með nokkrum frávikum vegna lengri móta.

Það er mat stjórnar að til þess að hægt sé að halda úti núverandi mótaþátttöku og jafnvel auka hana, er ljóst að dreifa þarf kostnaði vegna þátttökuna, þrátt fyrir mismunandi kostnað FRÍ af mótum erlendis.

Gert er ráð fyrir að ofangreind gjöld verði tekin til umræðu á þingi árið 2006 og þá tekin ákvörðun um framhald eða niðurfellingu þeirra.

Stjórn FRÍ

Þingskjali 6 var vísað til fjárhagsnefndar.

Þingskjal 7. Um skipan fagteymis fyrir frjálsíþróttamenn

54. frjálsíþróttaping, haldið í Mosfellsbæ 26. og 27. mars 2004, samþykkir að fela stjórn FRÍ að koma á fagteymi fyrir frjálsíþróttamenn sem fyrst. Þetta fagteymi verði með óháðum aðilum t.d. í samvinnu við Íþróttafraeðasetur KHÍ á Laugarvatni og fleiri háskólastofnanir.

Greinargerð:

Í niðurstöðum nefndar FRÍ sem vann að skoðun framkvæmd íþróttastefnu sambandsins segir:

Lagt er til að FRÍ komi á fót fagteymi óháðra aðila t.d. í samvinnu við Íþróttafraeðasetur KHÍ á Laugarvatni og fleiri háskólastofnanir, en mikil óánægja hefur verið með fagteymi ÍSÍ.

Að öðru leyti segir í skýrslunni:

Tilgangur fagteymis á að vera: Veita afreksmönnum og þjálfurum faglegra ráðgjöf á öllum sviðum: þjálffræði, lífeðlisfræði, næringarfræði, heilbrigðisfræðum (læknisfræði, sjúkraþjálfun o.fl.), sálfræði, siðfræði, lögfræði og fjármálafræði.

Helstu forsendur:

1. Tryggja skal jafnan aðgang allra afreksmanna og afreksþjálfara að fagteyminu.
2. Fagteymið skal vera óháður aðili sem ekki á hagsmuna að gæta varðandi þá ráðgjöf sem veitt er.

Forsenda 1 felur í sér að þeir sem dvelja erlendis eða úti á landi eigi að hafa sama aðgang að fagteyminu og þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu. Í reynd getur þetta verið erfitt og ekki fullkomlega raunhæft. Engu að síður eiga þessir einstaklingar að geta nálgast fagteymið í gegnum tölvupóst, síma eða bréfleiðis og fengið ráðleggingar og leiðbeiningar. Dæmi má nefna álit á ákveðnum fæðubótarefnum, hvort leita eigi til nuddara, sjúkraþjálfara eða kírópraktors, er rétt að fara í ákveðna skurðaðgerð eða álit á lyfjum sem tekin eru að læknisráði vegna meiðsla, lagaleg álita efni o.s.frv. Þá eiga allir sem búa úti á landi reglulega erindi til Reykjavík og þeir sem erlendis búa koma reglulega heim.

Forsenda 2 felur í sér að einstaklingar innan fagteymisins eiga jafnan ekki að vera þeir aðilar sem veita eða selja þjónustu til íþróttamannanna (t.d. nudd, sjúkraþjálfun, lyfjagjöf, skurðaðgerðir, selja fæðubótarefni, sjá um bókhald eða skattaskýrslur gegn gjaldi o.þ.h.). Samkvæmt þessu er hér verið að leggja til að aðskilja ráðgjöf og þjónustu. Þjónustuna eiga sérhæfðar lækna- eða heilsugæslustöðvar („sport klínikk“), sálfræðistofur o.fl. að veita. Slíka þjónusta þurfa þeir sem búa erlendis að geta sótt í viðkomandi landi. Fagteymið skal þá einnig vera sem mest óháð stjórn FRÍ og ÍSÍ. Það felur í sér að íþróttamenn geta leitað með málefni til fagteymisins sem trúnaðarmál þannig að upplýsingar fari ekki til til stjórnar FRÍ eða afreksmannasjóðs án samþykkis íþróttamanns. Þetta varðar málefni þar sem íþróttamaður og stjórn FRÍ eða landsliðsþjálfari eru ekki sammála um málefni.

Fagteymi ÍSÍ hefur ekki starfað eins og æskilegt er m.a. vegna þess að það virðist of háð Afreksmannasjóði og framkvæmdastjóra ÍSÍ. Þá hefur hlutverk þess verið illa skilgreint og verksvið verið illa skilgreind innan teymisins. Auk þess virðist það snúast um að veita þjónustu á sama tíma og það er að veita ráðleggingar varðandi hana. Fagteymi á að setja upp fyrir íþróttamanninn fyrst og fremst og á að gæta hagsmuna hans en ekki hagsmuna FRÍ eða Afreksmannasjóðs. FRÍ og Afreksmannasjóður þurfa að hafa sína ráðgjafa, m.a. landsliðsþjálfara og aðra sem æskilegast er að séu óháðir fagteyminu. Fagteymi ÍSÍ virðist þannig sett upp fyrir Afreksmannasjóð en ekki fyrir afreksmennina eða með þeirra hagsmuni í huga.

Lagt er til að FRÍ komi á fót fagteymi óháðra aðila t.d. í samvinnu við Íþróttfræðasetur KHÍ á Laugarvatni og fleiri háskólastofnanir. Slíka þjónustu þarf væntanlega eitthvað að greiða fyrir og þarf að finna grundvöll fyrir slíku. Fjármögnun getur verið: skattur á afreksmenn eða greiðslur frá þeim, styrkur frá Afreksmannsjóði eða ÍSÍ, styrkur eða greiðslur frá FRÍ. FRÍ getur komið upp jafn góðu ef ekki betra fagteymi en ÍSÍ bara einfaldlega vegna þess fólks sem hefur tengsl við frjálsíþróttahreyfinguna.

Stjórn FRÍ

Þingskjali 7 var vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal 8. Stigakeppni á MÍ

Þing Frjálsíþróttasambands Íslands haldið í Mosfellsbæ dagana 26. og 27. mars 2004 samþykkir að fella úr gildi grein 1:1:8 í reglugerð um Meistaramót Íslands, er kveður á um stigakeppni í flokki fullorðinna.

Greinargerð

Forsaga greinar 1:1:8 um Meistaramót Íslands er sú, að fyrir allmörgum árum var gefinn bikar til stigakeppni á MÍ. Engin reglugerð var til um þessa stigakeppni á þeim tíma. Síðar varð til reglugerð þar sem þrír eða fjórir fyrstu í hverri grein voru reiknaði til stiga, sem síðan breyttist í núgildandi reglur um Meistaramót Íslands þar sem sex fyrstu í hverri grein eru reiknaðir til stiga.

Frjálsíþróttasamband Íslands heldur Bikarkeppni þar sem fram fer stigakeppni á milli félaga og höfuðmarkmið keppninnar er árangur liðsheildarinnar. Það er skoðun Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks að stigakeppni félaga á Meistaramóti Íslands skyggi á Bikarkeppnina.

Það er einnig skoðun stjórnar Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks að á Meistaramóti Íslands eigi að vera megin markmið að vinna til Íslandsmeistartitla með sem bestum árangri. Það næst ekki með því að keppendur séu að keppa í fjölmörgum greinum bara til að skrapa stig fyrir félag sitt í stigakeppni félaga. Á Meistarmóti Íslands í flokki fullorðinna á einstaklingurinn að fá að njóta sín í sínum bestu greinum til að ná sem bestum árangri.

Stjórn Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks

Þingskjali 8 var vísað til laganefndar.

Þingskjal 9. Grindahlaup barna og unglinga

Þing Frjálsíþróttasambands Íslands haldið í Mosfellsbæ 26. og 27. mars 2004 samþykkir að bætt verði við einni grind í 60 m grindahlaup í flokkum 11 – 12 ára og 13 – 14 ára hjá báðum kynjum. Þingið samþykki einnig að auka bil milli grinda hjá telpum 13 – 14 ára um 50 cm úr 7.50 m í 8.00 m til samræmis við það sem er hjá piltum og að hæð grinda verði 76 cm hjá báðum kynjum.

Greinargerð

Vegalengdin frá síðustu grind að marki er of löng, t.d 18 m hjá telpum 13 – 14 ára og 16 m hjá piltum 13 – 14 ára, þannig að meira er um spretthlaup að ræða en grindahlaup. Með því að fjölga grindum um eina í þessum aldursflokkum verður grindahlaupið sambærilegt og grindahlaup eldri aldursflokka m.t.t lengdar á milli síðustu grindar og marks. Ekki er ástæða til að hafa mismunun á milli grindabila og hæðar grinda í aldursflokkunum 13 – 14 ára, þar sem getu- og styrkleikamunur kynjanna á þessum aldri er mjög áþekkur. Óvíða eru til grindur sem eru lægri en 76 cm.

Stjórn Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks

Þingskjali 9 var vísað til laganefndar.

Þingskjal 10. Bikarkeppni í fjölþrautum verði lögð niður

54. Frjálsíþróttabing haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 samþykkir að reglugerð um Bikarkeppni í fjölþrautum verði numin úr gildi og mótið lagt niður.

Greinargerð

Þátttaka í Bikarkeppni í fjölþrautum hefur verið mjög lítil undanfarin ár og því virðist ekki vera þörf fyrir mót af þessu tagi á þeim tíma sem það hefur verið sett á í mótaskrána s.l. ár.

Ármann/Fjölnir/ÍR

Þingskjali 10 var vísað til laganefndar.

Þingskjal 11. Mótaskrárdrög í mars

54. Frjálsíþróttabing haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 samþykkir að mótaskrá FRÍ verði til umfjöllunar og afgreiðslu í mars/apríl ár hvert fyrir næsta almanaksár.

Greinargerð

Með því að ákveða niðurröðun helstu móta, sem úthlutað er af FRÍ, í mars/apríl fyrir innanhússkeppnistímabilið tæpu ári seinna og utanhússtímabilið rúmi ári seinna er mótshöldurum auðveldað til muna að útvega keppnisvelli og aðra aðstöðu með nægilegum fyrirvara og áður en t.d. íþróttahúsum hefur verið úthlutað til annarra nota.

Ármann/Fjölnir/ÍR

Þingskjali 11 var vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal 12. Endurskoðun innanhússmóta

54. Frjálsíþróttabing haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 felur stjórn FRÍ að skipa nefnd til að endurskoða keppnisfyrirkomulag og keppnisgreinar á öllum innanhússmótum FRÍ með tilkomu alþjóðlegs innanhússkeppnisvallar í Laugardal í huga sem tilbúinn verður fyrir keppnistímabilið 2006. Nefndin leggi tillögur sínar fyrir stjórn FRÍ vorið 2005. Fyrst skal keppt eftir nýjum reglum árið 2006.

Greinargerð

Bæta þarf við keppnisgreinum sem ekki hefur verið aðstaða til að keppa í áður s.s. 200m, 300m, 400m, 800m, 1500m, 3000m, boðhlaupum og fleiri greinum þar sem við á. Einnig hafa skapast aðstæður til að keppa í skutlukasti innanhúss. Athuga þarf framtíð án atrennu stökka í mótum FRÍ. Tillagan er sett fram til að tryggja að breytingar á reglugerðum hafi farið fram þegar byrjað verður að keppa við nýjar

Ármann/Fjölnir/ÍR

Þingskjali 12 var vísað til allsherjar- og laganefndar.

Þingskjal 13. Afnot af Laugardalsvelli

54. Frjálsíþróttapening haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 skorar á borgaryfirvöld í Reykjavík að tryggja framhald á afnotum frjálsíþróttahreyfingarinnar af þjóðarleikvanginum í Laugardal fyrir keppni og æfingar um ókomin ár. Jafnframt er skorað á borgaryfirvöld að halda áfram uppbyggingu Laugardalsvallar með það að markmiði að þar verði ávallt fyrsta flokks aðstaða til keppni á lands- og alþjóðamælikvarða sem og til æfinga í frjálsíþróttum fyrir alla aldurshópa.

Greinargerð

Nokkur umræða hefur verið innan knattspyrnuhreyfingarinnar og í fjölmiðlum um framtíð Laugardalsvallar og hugmyndir knattspyrnumanna um að byggja áhorfendastúkur yfir hlaupabrautirnar. Frjálsíþróttáforustan í Reykjavík hefur komið sínum skoðunum á framfæri við viðeigandi aðila varðandi málið. Þar sem um er að ræða þjóðarleikvang og eina átta brauta frjálsíþróttavöll landsins er talið eðlilegt að Frjálsíþróttapening láti skoðun sína í ljósi við borgaryfirvöld.

Ármann/Fjöltnir/ÍR

Þingskjali 13 var vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal 14. Frjálsíþróttaaðstöðu fagnað

54. Frjálsíþróttapening haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 fagnar tilkomu stóraukinnar frjálsíþróttaaðstöðu innanhúss og utan í Reykjavík. Hér er átt við innanhússaðstöðuna í Egilshöll, bættu aðstöðu á kastsvæði í Laugardal, tækjakaup og bættu aðstöðu á Laugardalsvelli og síðast en ekki síst byggingu nýs alþjóðlegs innanhússvallar fyrir frjálsíþróttir í Laugardal.

Ármann/Fjöltnir/ÍR

Vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal 15 Engin einstaklingsverðlaun í Bikarkeppni FRÍ

54. Frjálsíþróttapening haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 samþykkir að gera þá breytingu við framkvæmd Bikarkeppni FRÍ að engin einstaklingsverðlaun eru veitt meðan á keppninni stendur.

Greinargerð

Á síðustu árum hefur það verið keppikefli mótshaldara Bikarkeppninar að keppnin gangi hratt fyrir sig og mótið taki að hámarki tvær klukkustundir í framkvæmd hvorn dag til að gera mótið áhorfendavænna og vænlegra sjónvarpsefni. Það þýðir að erfitt era ð koma fyrir verðlaunaafhendingum á meðan 4-6 greinar eru í gangi samtímis og keppendur sem taka þátt í mörgum greinum eiga erfitt með að sjá af tíma til að taka við verðlaunum. Því er lagt til að verðalaunin verði ekki afhent fyrir en að keppni líkur. Skoða mætti hvort fella ætti niður verðlaunaveitingar fyrir einstaklingskeppni í Bikarkeppninni.

Ármann/Fjöltnir/ÍR

Vísað til allsherjarnefndar og laganefndar.

Þingskjal 16. Stigagjöf á MÍ

54. Frjálsíþróttapeing haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 felur stjórn FRÍ að skipa þriggja manna nefnd til að útfæra nýja stigagjöf fyrir stigakeppni MÍ aðalhluta sem hafi það að markmiði að:

1. Að hvetja allt besta frjálsíþróttafólk landsins til þátttöku í MÍ.
2. Að hvetja þátttakendur til að ná eins góðum árangri og mögulegt er í hverri grein í stað þess að leggja megináherslu á röð/sæti í keppninni.
3. Að koma í veg fyrir þátttöku einstaklinga sem ekki eiga erindi í keppni meðal þeirra bestu á landinu.

Nefndin skal ljúka störfum fyrir lok apríl 2004. Keppt skal eftir nýjum reglum um stigakeppni árið 2004 samþykki stjórn FRÍ tillögur nefndarinnar.

Greinargerð

Núverandi stigakeppni hvetur keppendur ekki nægilega til að ná góðum árangri í sínum keppnisgreinum en virkar aftur á móti hvetjandi fyrir þátttöku í MÍ og til að afla stiga út á sæti. Fram eru komnar hugmyndir sem ná að mestu ofangreindum markmiðum. Koma þarf tillögunum í endanlegt form til að gera þær aðgengilegar fyrir keppendur, áhorfendur og fjölmiðla.

Ármann/Fjölhnir/ÍR

Vísað til allsherjarnefndar og laganefndar.

Þingskjal 17. Mótaforrit

54. Frjálsíþróttapeing haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 samþykkir að mótaforrit FRÍ skuli notað við skráningu og úrvinnslu allra móta sem FRÍ úthlutar.

Greinargerð

Mótaforrit FRÍ er eitt af stærri framfarasporum sem tekin hafa verið í mótahaldi á Íslandi á undanförunum árum. Því þykir sjálfsagt og eðlilegt að mótshaldarar móta FRÍ noti samræmdar aðferðir við skráningu, úrvinnslu og upplýsingagjöf á netinu frá og með utanhússtímabili 2004.

Ármann/Fjölhnir/ÍR

Vísað til allsherjarnefndar og laganefndar.

Þingskjal 18. Frestur til að tilkynna þátttöku

54. Frjálsíþróttapeing haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 samþykkir í ljósi breyttrar tækni að þátttökutilkynningafrestur í mót sem FRÍ úthlutar verði 5 dagar og að bæta megi við þátttakendum í keppni þangað til degi fyrir keppni sé greitt fyrir það þrefalt þátttökugjald.

Greingargerð

Nýtt mótaforrit FRÍ gerbreytir allri vinnu mótshaldara við skráningu keppenda. Tilkoma internetsins og notkun þess hefur einni gert það að verkum að 10-15 daga skráningarfrestur er óþarfur. Mótin eru fyrir keppendurna og það ætti ætíð að vera

54. Þing Frjálsíþróttasambands Íslands

keppikefli að allir sem áhuga hafa á að keppa fái til þess tækifæri og séu ekki útilokaðir vegna óþarfra reglna. Oft verða mannleg mistök stjórnenda félaga eða þjálfara til þess að keppandi verður útilokaður frá keppni þegar glymst hefur að skrá keppanda með löngum fyrirvara. Með því að leyfa skráningar gegn þreföldu gjaldi eftir að almennum skráningarfresti líkur ætti að vera hægt að koma í veg fyrir að keppendur missi af keppni vegna slíkra mistaka. Hér er verið að leggja til að skráningarferlið verði aðlagða nútíma aðstæðum og fært í það horf sem víða gerist í nágrannalöndum okkar.

Ármann/Fjöltnir/ÍR

Vísað til laganefndar.

Þingskjal 19. Landskeppni

54. Frjálsíþróttapening haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 samþykkir að fela stjórn FRÍ að vinna að því að koma á árlegri landskeppni í frjálsíþróttum á milli Íslendinga og einhverra tveggja nágrannaþjóða okkar. Miðað væri við að tveir kepptu í hverri grein frá hverju landi.

Greinargerð

Stór þáttur í að viðhalda breiddinni og þátttöku fullorðinna í frjálsíþróttum er að geta boðið upp á spennandi og krefjandi verkefni til að taka þátt í. Mörg unglingsverkefni eru liður í að viðhalda áhuga og breidd fram yfir 20 ára aldurinn. Keppnisfólk eldra en 20 ára sem ekki stefnir að þátttöku í EM, HM eða ÓL. þarf fleiri verkefni við hæfi og yrði landskeppni með tvo keppendur í hverri grein stórt framfaraspor. Hér gæti verið möguleiki á að koma á keppni við Dani og og Norðmenn eða Eista og Letta. Skoða mætti möguleika á slíkri keppni jafnt innanhúss sem utan.

Ármann/Fjöltnir/ÍR

Vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal 20. Landsmót UMFÍ

54. Frjálsíþróttapening haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 fagnar ákvörðun síðasta UMFÍ þings þess efnis að opna keppni á Landsmótum UMFÍ fyrir keppendum frá íþróttabandalögum.

Ármann/Fjöltnir/ÍR

Vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal 21. Skilafrestur á þingtillögum

54. Frjálsíþróttapening haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 samþykkir að málefni sem taka skal fyrir að FRÍ-þingum skuli hafa borist á skrifstofu FRÍ minnst 10 dögum fyrir þing og stjórn FRÍ skal tilkynna sambandsaðilum með viku fyrirvara dagskrá þingsins og efni tillagna sem ræða á á þinginu.

Greinargerð

Nútíma samskiptatækni gerir það óþarft að senda inn tillögur og málefni með þriggja vikna fyrirvara og einnig óþarft að senda út dagskrá og efni tillagna með hálf

54. Þing Frjálsíþróttasambands Íslands

mánaðar fyrirvara. Meiri líkur eru á að sambandsaðilar og áhugamenn um frjálsíþróttir hugi að tillöguggerð eftir því sem nær dregur þinginu.

Ármann/Fjöltnir/ÍR

Vísað til laganevndar.

Þingskjal 22. Þátttökugjald á MÍ öldunga

54. Frjálsíþróttarþing haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 samþykkir að þátttökugjald á MÍ öldunga innanhús sem utan verði það sama og í flokkum 16 ára og yngri.

Greinargerð

Litið er á þessa breytingu sem lið í að auka þátttöku eldri keppenda í frjálsíþróttum.

Ármann/Fjöltnir/ÍR

Vísað til laganevndar.

Þingskjal 23. Ein deild í Bikarkeppni FRÍ

54. Frjálsíþróttarþing haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 samþykkir að frá og með árinu 2004 verði keppt í einni deild í Bikarkeppni FRÍ og fjöldi stiga fyrir hverja keppnisgrein miðist við fjölda keppnisliða.

Greinargerð

Undanfarin ár hafa 6-8 lið tilkynnt þátttöku í Bikarkeppni FRÍ. Ljóst er af þessu að ekki er grundvöllur fyrir keppni í 2. deild. Því er lagt til að keppt verði í einni deild og stigagjöf miðist við fjölda keppnisliða. Með 8 liða þátttöku gefur 1. sætið átta stig og það síðast 1 stig. Verði keppnislið fleiri en brautir í spretthlaupum skal skipt í eins marga riðla og þarf og raðað eftir getu miðað við uppgefna tíma við skráningu.

Ármann/Fjöltnir/ÍR

Vísað til allsherjarnefndar.

Þingskjal 24. Skipuleg leit að efnilegum börnum og unglingum

54. Frjálsíþróttarþing haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 felur stjórn að skipa starfshóp til að móta tillögur um skipulega leit að efnilegum börnum og unglingum til að æfa frjálsíþróttir. Hópurinn fjalli m.a um eftirfarandi þætti:

- Útfærslu aðgengilegra prófa sem gefa til kynna styrk hvers einstaklings og vísbendingar um greinar sem kynnu að liggja vel fyrir.
- Gerð leiðbeininga fyrir íþróttakennara í grunn- og framhaldsskólum um notkun slíkra prófa og túlkun niðurstaðna.
- Skipulagningu einfaldra frjálsíþróttamóta eða viðburða þar sem byrjendum gefst kostur á að spreyta sig á ýmsum greinum og fá tilsögn eftir atvikum.

54. Þing Frjálsíþróttasambands Íslands

- Gerð fræðsluefnis sem unnt er að senda efnilegum börnum og unglingum og leitast þannig og með annarri eftirfylgni við að fá þau til að hefja æfingar.
- Skipulagningu skólamóta og annarrar keppni sem hafi það að markmiði að ná sem mestum fjölda keppenda og vaxandi nýliðun í frjálsíþróttadeildum.
- Skipulagningu sérstakra æfingabúða/helgarnámskeiða á vorin og haustin fyrir efnilega byrjendur úr röðum barna og unglunga.

Greinargerð

Margt bendir til þess að íslensk börn og unglingar séu vel fallin til að stunda frjálsar íþróttir. Lítil hluti þeirra ratar þó á frjálsíþróttæfingar og mörgum þeirra er sennilega ekki ljóst að þau kunni að vera efnileg á þessu sviði. Boltaíþróttir draga til sín æ fleiri iðkendur, m.a. vegna þess hversu fjölmiðlar hampa þeim greinum. Árangur iðkenda úr fámennum byggðarlögum sem hafa rakað saman titlum og metum að undanfögnu (t.d. frá HSP, USVH og Umf. Dímoni svo að nokkur dæmi séu nefnd) gefur hins vegar tilefni til að ætla að í rauninni séu fjöldamörg efni um allt land en flest renni þau frjálsíþróttum úr greipum af því að þau eru ekki uppgötvuð eða fá ekki tækifæri til að æfa frjálsíþróttir.

Huga þarf að leiðum til að finna efnilega iðkendur og gefa þeim færi á að spreyta sig annaðhvort á reglubundnum æfingum frjálsíþróttadeilda eða á styttri námskeiðum/æfingabúðum sem gætu lagt grunn að frekari iðkun.

Með fjölgun efnilegra iðkenda yrði lagður grunnur að framfaraskeiði í meistaraflokki 7-10 árum síðar. Þar sem frjálsíþróttadeildir eiga yfirleitt fullt í fangi með að halda eigin starfsemi gangandi gætu samræmdar aðgerðir á vegum FRÍ skipt verulegu máli og komið öllum deildum til góða.

Stefán Halldórsson,
formaður frjálsíþróttadeildar ÍR

Visað til allsherjarnefndar.

Þingskjal 25. Umgjörð frjálsíþróttamóta og upplýsingagjöf

54. Frjálsíþróttapening haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 felur stjórn að skipa starfshóp til að móta tillögur og undirbúa áttak til að bæta umgjörð frjálsíþróttamóta og efla upplýsingagjöf til áhorfenda og fjölmiðla. Hópurinn fjalli m.a um eftirfarandi þætti:

- Nýtingu tölvutækni til að koma upplýsingum um árangur á framfæri án tafar, s.s. á ljósatöflum, flettspjöldum, tölvuskjám og með lýsingum þula, eins eða fleiri.
- Endurbætur á leikskrá til að gefa betri mynd af getu keppenda og að hvaða árangri hver og einn stefnir.
- Útgáfu á aðgengilegu fræðsluefni um helstu reglur og lykilatriði í tækni í hverri grein til að áhorfendur og fjölmiðlamenn geti betur áttað sig á því hvað er að gerast á hverjum tíma.
- Stöðuga uppfærslu á afrekaskrá hvers tímabils til að unnt sé að sjá án tafar hvernig árangur á móti er í samanburði við fyrri mót.
- Röðun á tímaseðli til að tryggja að aldrei komi dauðir punktar og að lykilgreinar fái óskipta athygli.

Hópurinn starfi fram að næsta Frjálsíþróttapeningi og gefi því skýrslu um störf sín og komi jafnframt með tillögur um áframhaldandi starf og verkefni til úrlausnar.

54. Þing Frjálsíþróttasambands Íslands

Greinargerð

Með reglubundnum útsendingum frá erlendum stórmótum, s.s. Ólympíuleikum, heims- og Evrópumeistaramótum og Gullmótaröð, hefur íslenskum áhorfendum verið sýnt hvernig framkvæmd og umgjörð móta getur orðið best. Samanburðurinn er íslenskum mótum afar óhagstæður og hætt er við að áhorfendur missi áhugann ef ekki verður úr bætt. Þetta kemur berlega í ljós þegar sýnt er frá Bikarkeppni FRÍ þar sem þulir eiga í mestu erfiðleikum með að lýsa því sem fram fer vegna skorts á upplýsingum og gengur því illa að skapa spennu nema í þeim greinum þar sem frammistaða keppenda nánast blasir við, þ.e. í hlaupum og ráarstökkum. Því er nauðsynlegt að grípa til ráða til að bæta umgjörð mótanna í þessum efnum og gera þau áhorfsvænni. Samræmdar aðgerðir á vegum FRÍ geta komið öllum mótshöldurum til góða, ekki síst í nýtingu tölvutækni. Með bættri þjónustu við áhorfendur skapast jafnframt forsendur til að selja aðgang að mótum og þannig afla tekna í þágu frjálsíþróttar. Með bættri þjónustu við fjölmiðla má vænta þess að umfjöllun aukist sem aftur getur leitt til fjölgunar áhorfenda og aukinna auglýsingatekna.

Stefán Halldórsson

formaður frjálsíþróttadeildar ÍR

Vísad til allsherjarnefndar

Þingskjal 26. Mótaskrá FRÍ 2004

<u>Dags.</u>	<u>Mót.</u>	<u>Staður:</u>	<u>Mótsh.</u>
31.-01.feb.	MÍ 15-22 ára	Fífan	Breiðabl.
14.-15.feb.	MÍ aðalhluti	Kaplakriki/Baldursh.	FH
21.-2.feb.	MÍ í fjölþrautum	Egilshöll	ÍR
28.feb.	MÍ öldunga	Baldurshagi	Ármann
06.-07.mars	MÍ 12-14 ára	Egilshöll	Fjölnir
05.-07.mars	HM innanhúss	Budapest	HUN
20.-21.mars	HM í Viðavangshlaup	Brussel	BEL
05.-06.júní	MÍ og Bikarkeppni FRÍ í fjölþrautum	Reykjavík	Ármann
19.-20.júní	Evrópubikarkeppni landsliða	Laugardalsvöllur	ISL
19.-20.júní	NM unglunga í fjölþrautum	Jyväskylä	FIN
25.-27.júní	Goggi Galvaski	Mosfellsbæ	UMFA
03.-04.júlí	Evrópubikarkeppni í fjölþrautum	Riga	LAT
08.-11.júlí	Landsmót UMFÍ	Sauðárkrókur	UMSS
13.-18.júlí	HM 19 ára og yngri (U20)	Grosseto	ITA
24.-25.júlí	Meistaramót Íslands	Reykjavík	Fjölnir
30.-02.ág.	Unglingalandsmót UMFÍ	Sauðárkrókur	UMSS
06.-07.ág.	Bikarkeppni FRÍ	?	?
14.-15.ág.	MÍ 12-14 ára	Reykjavík	ÍR
20.-29.ág.	Ólympíuleikarnir	Aþenu	GRE
20.-21.ág.	MÍ öldunga	Akureyri	UFA/UMSE
21.-22.ág.	NM unglunga 19 ára og yngri (U20)	Espoo	FIN
28.-29.ág.	MÍ 15-22 ára	Laugarvatn	HSK
11.sept.	Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri	Borgarnesi	UMSB
11.-12.sept.	NM unglunga 22 ára og yngri (U23)	Lillehammer	NOR
09.okt.	Viðavangshlaup Íslands	??	UÍA

Vísad til allsherjarnefndar.

Þingskjal 27. Drög að mótaskrá FRÍ 2005

Dags.	Mót.	Staður:	Mótsh.
12.-13.feb.	MÍ aðalhluti	Reykjavík	Á
19.-20.feb.	MÍ í fjölþrautum	Reykjavík	Fjölpir
26.-27.feb.	MÍ 15-22 ára	Hafnarfj./Rvk	FH
05.-06.mars	MÍ 12-14 ára	Kópavogur	Bblik
04.-06.mars	EM innanhúss	Madrid	ESP
12.-13.mars	Vetrarkastmót EAA	Óstaðsett	
12.mars	MÍ öldunga	Reykjavík	ÍR
19.-20.mars	HM í víðavangshlaupi	Saint Galmier	FRA
21.maí	Nordic 10000m Challenge	?	SWE
31.-04.júní	Smáþjóðarleikar	Andorra	AND
11.-12.júní	MÍ og Bikarkeppni FRÍ í fjölþrautum	Sauðárkrókur	UMSS
18.-19.júní	Evrópubikarkeppni landsliða	Óstaðsett	
24.-26.júní	Goggi Galvaski	Mosfellsbæ	UMFA
02.-03.júlí	Evrópubikarkeppni í fjölþrautum	Óstaðsett	
04.-08.júlí	Ólympíuhátíð æskunnar	Lignano	TA
14.-17.júlí	EM 20-22 ára (U23)	Erfurt	GER
14.-17.júlí	HM fyrir 17 ára og yngri	Marrakesh	MAR
18.-19.júní	NM unglunga í fjölþrautum	?	SWE
21.-24.júlí	EM 19 ára og yngri (U20)	Kaunas	LTU
23.-24.júlí	Meistaramót Íslands	Vilhjálmsvöllur	UÍA
26.-31.júlí	Heimsmeistaramót öldunga	Edmonton	CAN
29.-31.júlí	Unglingalandsmót UMFÍ	Óstaðsett	
05.-14.ág.	Heimsmeistaramótið	Helsinki	FIN
13.-14.ág.	MÍ 15-22 ára	Laugardalsv.	Á
13.-14.ág.	MÍ 12-14 ára	Kaplakriki	FH
20.-21.ág.	Bikarkeppni FRÍ	Óstaðsett	
27.-28.ág.	NM unglunga 19 ára og yngri (U20)?	NOR	
27.-28.ág.	MÍ öldunga	Vilhjálmsvöllur	UÍA
10.sept.	Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri	Laugarvatn	HSK
08.okt.	Víðavangshlaup Íslands	Reykjavík	ÍR
12.nóv.	NM í víðavangshlaupum	?	FIN

Vísad til allsherjarnefndar.

Þingskjal 28. Helstu mót 2006

Dags.	Mót.	Staður:	Mótsh.
11.-12.feb.	MÍ aðalhluti	Reykjavík	
18.-19.feb.	MÍ í fjölþrautum	Reykjavík	
25.-26.feb.	MÍ 15-22 ára	Reykjavík	
04.-05.mars	MÍ 12-14 ára	Reykjavík	
03.-05.mars	HM innanhúss	Moscow	RUS
11.-12.mars	Vetrarkastmót EAA	Óstaðsett	
11.mars	MÍ öldunga	Reykjavík	
01.-02.apríl	HM í víðavangshlaupi	Fukuoka	JPN
17.-18.júní	Evrópubikarkeppnin	?	?
08.-13.ág.	Evrópumeistaramótið	Gautaborg	SWE
15.-20.ág.	HM unglunga 19 ára og yngri	Beijing	CHN

Vísad til allsherjarnefndar.

12. Nefndastörf

Laugardagur

13. Afgreiðsla mála úr nefndum og umræður

Álit laganefndar

Þorsteinn Þorsteinsson, formaður nefndarinnar, gerði grein fyrir álitum hennar.

Þingskjal 2 var klofið upp í meðförum nefndarinnar í 2a, 2b, 2c, 2d og 2e.

Þingskjal nr. 2a

Laganefnd lagði til að tillaga stjórnar um breytingar á lögum FRÍ verði samþykkt með eftirtöldum breytingum:

5. gr. 3. málsgrein verði ekki breytt frá núgildandi lögum.

8. gr. 3. tölulíður upptalningar verði: *3. Starfsmenn FRÍ*

Aðrar breytingar verði ritstjórnarlegs eðlis.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 2b Endurskoðun á reglugerðum um mót

Laganefnd lagði til að eftirfarandi tillaga stjórnar verði samþykkt.

Lagt er til að allar reglugerðir um mót á vegum FRÍ (B) verði teknar til gagngerðrar endurskoðunar og hugað sérstaklega að samræmingu aldursflokka, áhalda og grinda til samræmis við alþjóðlegar og norrænar reglur. Þá verði sérstaklega hugað að breytingum vegna fyrirséðrar nýrrar og bættrar aðstöðu til keppnishalds innanhúss innan fárra ára. Starfshópar verði skipaðir til að vinna að samhæfðum reglugerðum um mót á vegum FRÍ og skili til stjórnar. Nýjar reglugerðir um mót verði teknar til meðferðar á aukabingi, sem boðað yrði til jafnframt næsta mótþingi.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 2c

Laganefnd lagði til að eftirfarandi tillaga stjórnar verði samþykkt.

Til bráðabirgða er lagt til að gr. 4 í Reglugerð um Bikarkeppni FRÍ verði tekin út.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 2d

Laganefnd lagði til að eftirfarandi tillaga stjórnar verði samþykkt með viðbót:

Lagt er til að Reglugerð um framkvæmd móta (C.1) og Reglugerð um skráningargjöld á mót (C.2) verði gerðar nokkrar breytingar. Nýjar reglugerðir, sem áður hafa verið í formi tilmæla, verði Reglugerð um skráningu og tilkynningu úrslita (C.3) og

54. Þing Frjálsíþróttasambands Íslands

Reglugerð um umsóknir vegna mótahalds (C.4). Reglugerð um sérkeppnisreglur FRÍ verði teknar til endurskoðunar, m.a. til að taka á skilyrðum fyrir staðfestingu Íslandsmeta.

Viðbót: Reglugerð um framkvæmd móta (C.1) verði endurskoðuð og tekin til meðferðar á aukáþingi sambandsins.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 2e

Laganefnd lagði til að eftirfarandi tillaga stjórnar verði samþykkt með breytingum:

Lagt er til að dómareglugerð (D.1) verði tekin til endurskoðunar í ljósi reynslu undanfarinna ára. Skipa mætti starfshóp til að vinna að nýrri dómareglugerð fyrir aukáþing. Lagðar eru til breytingar á Reglugerð um félagaskipti (D.2), Reglugerð um heiðursmerki (D.4) og Reglugerð um skiptingu styrkja (D.5). Reglugerð um íþróttamannanefnd FRÍ (D.6) er ný.

Breyting: 5. gr. Reglugerðar um heiðursmerki orðist svo:

Veiting heiðursmerkis FRÍ skal fara fram á stofndegri sambandsins, 16. ágúst, á frjálsíþróttáþingi eða við tilefni er stjórn FRÍ ákveður.

Þá var meirihluti laganefndar mótfallin ákvæðum 2. gr. reglugerðar um skiptingu styrkja um hlutdeild aðila. Meirihluti mælti með skiptingunni 80%-10%-10%, en tillögunni var einnig vísað til fjárhagsnefndar.

Birgir Guðjónsson benti á nokkra praktíska hluti. Erfitt er að fá fólk á námskeið til að öðlast réttindi. Vandinn er tvennur. Oft eru haldin stórmót án réttindadómara og mörg hundruð manns eru á skrá en lítil umbun er fyrir dómaraströf. Hann kvaðst tilbúinn til að sinna þessu áfram.

Sigurbjörn Árni sagði varðandi félagaskipti að sér fyndist óþarfi að hafa fyrirvara með keppnisrétt upp á 15 daga, 4 dagar sé nóg. Gjaldið, 10.000kr., sé einnig of hátt og samkvæmt áliti ráðuneytis sé þetta ólögleg innheimta. Hann sagði að við gætum samþykkt að félögin borgi en ekki einstaklingarnir.

Birgir sagði varðandi félagaskipti að ÍSÍ reglurum að keppa fyrir eitt félag á hverju ár væru til viðmiðunar. Hvert sérsamband getur hins vegar haft sínar sérreglur. Því væri hægt að keppa fyrir fleiri en eitt félag á ári. Um gjaldið sagði hann að það gæti ekki flokkast sem leyfisgjald en hugsanlega sem umsýslugjald.

Sigurbjörn lagði fram breytingartillögu um 4 daga í stað 15 og 1000kr. í stað 5000kr. Þorsteinn sagði misskilning á ferðinni. Keppandi getur keppt á þessum 15 dögum þó það sé fyrir gamla félagið. Hann vísaði til fjárhagsnefndar varðandi gjaldið.

Þráinn spurði hvort einhverju ætti að breyta og þá hverju?

Forseti skilur þetta sem svo að allt fari til millipinganefndar án fyrirmæla um hverjar breytingarnar skuli vera.

Sigurður Haraldsson kvaðst ósammála Þorsteini um 15 dagana ef félagaskipti væru tilkynnt 1. janúar, þá yrði 15 daga frestur á keppni.

Þorsteinn benti á að ekki væru lögð fram gögn í heild sinni á þinginu varðandi það sem á að breyta. Varðandi regluna um 15 dagana kvaðst hann ekki sjá vankanta á henni.

54. Þing Frjálsíþróttasambands Íslands

Jónas sagði hugmyndina að millipinganefnd taki málið í allsherjarendurskoðun og notaði tækifærið til að auglýsa eftir fólki í hana. Nefndin tók tillit til þess sem hér hefur komið fram. Um gjaldið sagði hann að álit ráðuneytisins kæmi óvart og kvaðst hafa gagnstætt álit lögfræðings. Hann sagði að það hafi verið farið frjállega með félagaskipti og því þurfi að skoða þetta vel. Væntanlega verði þetta mál tekið til umræðu í haust á fundi sambandsaðila.

Birgir sagði megindeiluna um keppnisrétt erlendis og hér heima leysast með breytingunni um að bæta inn í textann orðinu “innlent” á undan félag. Þá sagði hann að lækka mætti gjaldið.

Helgi Haraldsson sagði misræmi í grein 1.1 varðandi aldurinn og lagði til að á báðum stöðum verði miðað við 15 ára.

Forseti vísaði þingskjali 2e til laganefndar þingsins til frekari umfjöllunar og að hún komi seinna með álit.

Þingskjal nr. 3 Um MÍ og Bikarkeppni FRÍ

Laganefnd lagði til að eftirfarandi tillaga stjórnar verði samþykkt:

54. frjálsíþróttaping samþykkir að Meistaramót og Bikarkeppnir FRÍ í öllum aldursflokkum skuli fara fram á keppnisvelli lögðum gerviefni frá og með árinu 2005.

Kári Jónsson sagði allsherjarnefnd vilja undandkilja MÍ 14 og yngri.

Geymt þar til álit allsherjarnefndar kemur fram.

Þingskjal nr. 4 Um MÍ og Bikarkeppni FRÍ

Laganefnd lagði til að eftirfarandi tillaga stjórnar verði samþykkt.

54. frjálsíþróttaping samþykkir að Meistaramót Íslands aðalhluti og Bikarkeppni FRÍ skuli fara fram á keppnisvelli, sem hefur að lágmarki sex hringbrautir.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 8. Stigakeppni á MÍ

Laganefnd lagði til að eftirfarandi tillaga frá stjórn frjálsíþróttadeildar Breiðabliks verði vísað til endurskoðunar reglugerða sambandsins í millipinganefnd.

Þing Frjálsíþróttasambands Íslands haldið í Mosfellsbæ dagana 26. og 27. mars 2004 samþykkir að fella úr gildi grein 1:1:8 í reglugerð um Meistaramót Íslands, er kveður á um stigakeppni í flokki fullorðinna.

Afgreiðsla geymd þar til álit allsherjarnefndar hefur komið fram.

Þingskjal nr. 9. Grindahlaup barna og unglinga

Laganefnd lagði til að eftirfarandi tillaga frá stjórn frjálsíþróttadeildar Breiðabliks verði vísað til endurskoðunar reglugerða sambandsins í millipinganefnd:

54. Þing Frjálsíþróttasambands Íslands

Þing Frjálsíþróttasambands Íslands haldið í Mosfellsbæ dagana 26. og 27. mars 2004 samþykkir að bætt verði við einni grind í 60 m grindahlaupi í flokkum 11 –12 ára og 13 – 14 ára hjá báðum kynjum. Þingið samþykki einnig að auka bil milli grinda hjá telpum 13 – 14 ára um 50 cm úr 7,50 m í 8,00 m til samræmis við það sem er hjá piltum og að hæð grinda verði 76 cm hjá báðum kynjum.

Samþykkt samhljóða að vísa til millipinganefndar.

Þingskjal 10. Bikarkeppni í fjölþrautum verði lögð niður

Laganefnd lagði til að eftirfarandi tillaga Ármanns, Fjölnis og ÍR verði vísað til endurskoðunar reglugerða sambandsins í millipinganefnd.

54. frjálsíþróttapening haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 samþykkir reglugerð um Bikarkeppni í fjölþrautum verði numin úr gildi og mótið lagt niður.

Samþykkt samhljóða að vísa til millipinganefndar.

Þingskjal 12. Endurskoðun innanhússmóta

Laganefnd lagði til að eftirfarandi tillaga Ármanns, Fjölnis og ÍR verði vísað til endurskoðunar reglugerða sambandsins í millipinganefnd.

54. frjálsíþróttapening haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 felur stjórn FRÍ að skipa nefnd til að endurskoða keppnisfyrirkomulag og keppnisgreinar á öllum innanhússmótum FRÍ með tilkomu nýs alþjóðlegs innanhússkeppnisvallar í Laugardal í huga sem tilbúin verður fyrir keppnistímabilið 2006. Nefndin leggi tillögur sínar fyrir stjórn FRÍ vorið 2005. Fyrst skal keppt eftir nýjum reglum árið 2006.

Kári benti á að þessari tillögu hafi einnig verið vísað til allsherjarnefndar og að hún mæli með að hún verði samþykkt. Hann sagði nefndina leggja til að þingskjali 8 verði vísað frá.

Þingforseti tilkynnti að afgreiðsla þingskjala 8, 15 og 16 færi fram eftir að allsherjarnefnd hefði lagt fram álit sitt á þeim.

Þingskjal 12 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 15 Engin verðlaun einstaklinga í Bikarkeppni FRÍ

Laganefnd lagði til að eftirfarandi tillaga Ármanns, Fjölnis og ÍR verði vísað frá laganefndinni til afgreiðslu í allsherjarnefnd frjálsíþróttapingsins.

54. frjálsíþróttapening haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 samþykkir að gera þá breytingu við framkvæmd Bikarkeppni FRÍ að engin einstaklingsverðlaun eru veitt meðan á keppninni stendur.

Afgreiðsla geymd þar til álit allsherjarnefndar liggur fyrir.

54. þing Frjálsíþróttasambands Íslands

Þingskjal nr. 16 Stigagjöf á MÍ

Laganefnd lagði til að eftirfarandi tillaga Ármanns, Fjölnis og ÍR verði vísað til endurskoðunar reglugerða sambandsins í millipinganefnd.

54. frjálsíþróttapening haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 felur stjórn FRÍ að skipa þriggja manna nefnd til að útfæra nýja stigagjöf fyrir MÍ aðalhluta sem hafi það að markmiði að:

1. Að hvetja allt besta frjálsíþróttafólk landsins til þátttöku í MÍ
2. Að hvetja þáttakendur til að ná eins góðum árangri og mögulegt er í hverri grein í stað þess að leggja áherslu á röð/sæti í keppninni
3. Að koma í veg fyrir þáttöku einstaklinga sem ekki eiga erindi í keppni meðal þeirra bestu á landinu.

Nefndin skal ljúka störfum fyrir lok apríl 2004. Keppt skal eftir nýjum reglum um stigakeppni árið 2004 samþykki stjórn FRÍ tillögurnar.

Afgreiðsla geymd þar til álit allsherjarnefndar liggur fyrir.

Þingskjal nr. 17 Mótaforrit

Laganefnd frjálsíþróttapeninglagði til að eftirfarandi tillaga Ármanns, Fjölnis og ÍR verði samþykkt enda forritið vistað hjá FRÍ.

54. frjálsíþróttapening haldið í Mosfellsbæ 26- 27. mars 2004 samþykkir að mótaforrit FRÍ skuli notað við skráningu og úrvinnslu allra móta sem FRÍ úthlutar.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 18 Frestur til að tilkynna þátttöku

Laganefnd lagði til að eftirfarandi tillaga Ármanns, Fjölnis og ÍR:

54. frjálsíþróttapening haldið í Mosfellsbæ 26- 27. mars 2004 samþykkir í ljósi breyttrar tækni að þátttökutilkynningarfræstur í mót sem FRÍ úthlutar verði 5 dagar og að bæta megi við þátttakendum í keppni þangað til degi fyrir keppni sé greitt fyrir það þrefalt þáttökugjald.

verði samþykkt að því breyttu að fresturinn verði 4 dagar. Laganefndin beinir einnig tilmælum um að millipinganefnd um reglugerðir sambandsins taki málið til meðferðar.

Sigurður Haraldsson sagðist ekki sammála því að það sem nefndarformaður hafi lagt fram hafi verið niðurstaða nefndarinnar

Sigurbjörn sagði minnkandi þátttöku hafi staðið okkur fyrir þrifum er þrátt fyrir betri aðstöðu og þjálfara. Hann sagði stórar þjóðir hafa leyft "late entry". Við ættum að geta þetta með nýja forritinu og minnkað hindranir og að enginn tapi. Lagði til að upphafleg tillaga verði samþykkt

Arnþór Sigurðsson sagði fjölda oft svo mikinn að það verði að hindra seinskráningar. Þannig fengist einnig betri leikskrá.

Vísað aftur til laganefndar til nánari umfjöllunar.

Þingskjal nr. 21 Skilafrestur á þingtillögum

Laganefnd lagði til að eftirfarandi tillaga Ármanns, Fjölnis og ÍR verði samþykkt.

54. frjálsíþróttarþing haldið í Mosfellsbæ 26- 27. mars 2004 samþykkir að málefni sem skal taka fyrir á FRÍ-þingum skuli hafa borist á skrifstofu FRÍ minnst 10 dögum fyrir þing og stjórn FRÍ skal tilkynna sambandsaðilum með viku fyrirvara dagskrá þingsins og efni tillagna sem ræða á þinginu.

Helgi Haraldsson kvaðst vilja fella út “efni” á undan tillagna. Þannig viti menn nákvæmlega hvað verður til umfjöllunar.

Birgir tók undir orð Arnþórs varðandi skráningarfrest og einnig undir orð Helga um að fella út orðið efni.

Jónas tók undir orð Helga og Birgis og sagði tölvupóst liðka fyrir framkvæmdinni. Viku fyrir þing væri reyndar stutt.

Eftirfarandi breytingartillaga barst frá Helga:

54. þing FRÍ haldið í Mosfellsbæ 26.-27 mars 2004 samþykkir að málefni sem skal taka fyrir á FRÍ þingum skuli hafa borist á skrifstofu FRÍ minnst 10 dögum fyrir þing og stjórn FRÍ skal senda sambandsaðilum með viku fyrirvara dagskrá þingsins og tillögur sem ræða skal á þinginu.

Samþykkt samhljóða.

Matarhlé

Kynning á útgáfu blaðs um frjálsíþróttir.

Daði Rúnar Jónsson og Bergur Hallgrímsson kynntu. Stjórn FRÍ hefur samþykkt að gefa blaðið út

Kynning á mótaforriti FRÍ

Arnþór Sigurðsson kynnti mótaforrit FRÍ.

Framhald þingstarfa.

Þorsteinn Þorsteinsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar í hádeginu vegna þingskala 2e og 18.

Þingskjal 2e

Laganefnd lagði til eftirfarandi breytingu á reglugerð um félagaskipti:

- 1.1 Þeir íþróttamenn, 12-14 ára, sem keppt hafa í frjálsíþróttum fyrir íslenskt íþróttafélag s.l. tvö ár skulu tilkynna FRÍ skriflega um félagaskipti.
- 1.2 Tilkynning íþróttamanna, 15 ára og eldri, þarf að hafa borist FRÍ í síðasta lagi 7 dögum áður en viðkomandi hefur keppt fyrir hið nýja félag.
- 2.1 Óheimilt er íþróttamönnum, 15 ára og eldri, að keppa fyrir fleiri en eitt innlent félag í frjálsíþróttum á sama almanaksári.

54. þing Frjálsíþróttasambands Íslands

Sigurbjörn Árni lagði fram breytingartillögu við nefndarálitið þar sem lagt er til að bætt verði við einni grein, grein 3.1. Tillagan var eftirfarandi:

Grein 3.1

Tilkynni íþróttamaður sem er 15 ára og eldri á viðkomandi almanaksári um félagaskipti skal hann greiða kr. 1000 í umsýslugjald sem rennur óskipt til FRÍ. Greiðsla skal berast til FRÍ samhliða tilkynningu um félagaskipti. Tilkynning um félagaskipti hlýtur ekki gildi hjá FRÍ nema umsýslugjaldið hafi verið greitt.

Helgi S. Haraldsson kom með eftirfarandi breytingartillögu við grein 1.1:

Þeir íþróttamenn sem keppt hafa í frjálsíþróttum fyrir íslenskt félag s.l. tvö ár, miðað við síðustu áramót og eru orðnir 15 ára skulu tilkynna FRÍ skriflega um félagaskipti.

Sigurður Haraldsson kvaðst vilja halda sig við að 12 -14 ára tilkynni félagaskipti.

Breytingartillaga frá Sigurbirni Árna var þá borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga frá Helga Haraldssyni var samþykkt með 13 atkvæðum gegn 8.

Þingskjal 2e með breytingum samþykkt samhljóða.

Þingskjal 18

Laganefnd lagði til eftirfarandi breytingu á tillögu á þingskjali 18 og orðist tillagan þá svo:

54. þing FRÍ haldið í Mosfellsbæ 26-27. mars 2004 samþykkir í ljósi breyttrar tækni að þátttökufrestur í mót sem FRÍ úthlutar verði 4 dagar.

Stefán Halldórsson bað um nánari skýringu á hvers vegna ekki má vera með seinskráningar. Hann kvaðst hafa reynslu af stórum mótum þar sem ekki hafi orðið tafir þó seinskráning hafi verið leyfð.

Arnþór Sigurðsson sagði ekki alla hafa mannskap til að gera breytingar á síðustu stundu auk þess sem leikskrá verður gölluð.

Þráinn Hafsteinsson sagði leikskrár hvort eð er alltaf með villur og kvaðst vilja gefa færi á að seinskráningu.

Hannes Garðarsson sagði seinskráningar trufla tímaseðil og sagðist því vera á mótum þeim.

Stefán Halldórsson sagði að þrátt fyrir langan fyrirvara þá væru leikskrár oft rangar.

Sigurður P. Sigmundsson mælti með festu og að ekki verði leyft að skrá seint.

Albert Þór Magnússon sagði að gott væri að hafa möguleika að skrá sig seint í neyð.

Sigurbjörn Árni vitnaði til vinnubragða í nágrannalöndum. Þar sé gefið færi á að gera þetta á einfaldan hátt með stuttum fyrirvara.

Atkvæðagreiðsla um breytingartillögu nefndar. Fellt með 18 atkvæðum gegn 8.

Upphafleg tillaga samþykkt samhljóða.

54. þing Frjálsíþróttasambands Íslands

Þorsteinn skýrði frá því að nefndin hafi einnig tekið Þingskjal 23 til skoðunar þó svo henni hafi ekki verið vísað til nefndarinnar. Hann kvað nefndina vera mótfallna þeirri tillögu.

Álit Allsherjarnefndar.

Kári Jónsson gerði grein fyrir nefndarálit.

Þingskjal 3 Um MÍ og Bikarkeppni FRÍ

Nefndin lagði til að einni setningu yrði bætt við tillöguna og hljóðaði hún þá svo:

54. Frjálsíþróttarþing samþykkir að Meistaramót og Bikarkeppni FRÍ í öllum aldursflokkum skuli fara fram á keppnisvelli lögðum gerviefni frá og með árinu 2005. Undanskilið er MÍ 12 -14 ára og MÍ í öldunga.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 5 Áætlun um mótahald fyrir tímabilið 2002 til 2008

Nefndin lagði til að tillaga stjórnar FRÍ yrði samþykkt án breytinga.

Hér á fyrir neðan eru tillögur um skipulag mótahalds næstu árin. Það hafa verið gerðar breytingar síðan á þinginu 2002, þar má telja að UMSS kemur inn í stað UFA/UMSE frá árinu 2005 vegna nýs frjálsíþróttavallar á Sauðárkróki. Einnig er gert ráð fyrir að MÍ fyrsti hluti (MÍ í fjölþrautum og lengri boðhlaupum) og Bikarkeppni í fjölþrautum verði eitt mót frá og með árinu í ár, eins og reglur FRÍ bjóða uppá. Þetta skipulag er bindandi til næstu tveggja ára eða árin 2004 og 2005.

A. Meistaramót Íslands, innanhúss tímabilið 2002-2008

Mót	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
MÍ aðalhluti	Fjöltnir	Bbl	FH	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bbl
MÍ 15 - 22 ára	ÍR	Fjöltnir	Bbl	FH	Árm	ÍR	Fjöltnir
MÍ 12 - 14 ára	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bbl	FH	Árm	ÍR
MÍ fjölþraut	FH	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bbl	FH	Árm
MÍ öldunga	Bbl	FH	Ármann	ÍR	Fjöltnir	Bbl	FH

B. Meistaramót Íslands og Bikarkeppnir, utanhúss tímabilið 2002-2008

MÓT	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008
MÍ aðalhluti	Bbl	UMSB	Fjöltnir	UÍA	Ármann	UMSS	ÍR
Bikarkeppni FRÍ	RVK	RVK	Utan	RVK	Utan	RVK	Utan
Bikarkeppni 16 o. y.	FH	Bbl	UMSB	HSK	Ármann	UMSS	
UÍA							
HVÍLD	ÍR	FH	Bbl	UMSB	HSK	Ármann	
UMSS							
Bikarkeppni þraut	ekki haldið		XX	XX	XX	XX	
XX							
MÍ 12-14 ára	UFA+Ey	UÍA	ÍR	FH	Bbl	UMSB	HSK
Víðavangshl.Ísl	Ármann	ÍR	UÍA	ÍR	FH	Bbl	UMSB
Mí Öldunga	HSK	Ármann	UFA+Ey	Bbl	ÍR	FH	Bbl
MÍ fyrri hluti/Bikark.Pr.	Fjöltnir	HSK	Ármann	UMSS	UÍA	ÍR	FH
MÍ 15-22 ára	UMSB	Fjöltnir	HSK	Ármann	UMSS	UÍA	ÍR

Í áætluninni er gert ráð fyrir að MÍ aðalhluti og Bikarkeppni FRÍ fari fram á Laugardalsvelli annað hvert ár en hitt árið utan Reykjavíkur á þeim stöðum sem hafa yfir að ráða a.m.k. sex brauta keppnisvelli. Þannig er tryggt að annað af stærstu mótum ársins fari ávallt fram á átta brauta velli við bestu mögulegar aðstæður.

Þá er gert er ráð fyrir að UMSS komi inn sem mótshaldari fyrir UFA/UMSE ef tillaga um að öll meistaramót og bikarkeppni FRÍ í öllum aldursflokkum skuli fara fram á velli með gerviefni frá og með árinu 2005 verður samþykkt.

Stjórn skal óska eftir umsóknum frá sambandsaðilum um Bikarkeppni FRÍ árlega og úthluta mótinu m.t.t. þátttökuréttar og keppnisaðstöðu umsækjanda.

Sigurður P. Sigmundsson benti á að tvö félög hafa sótt um bikarkeppni FRÍ. Kanna þarf áhuga UÍA með að halda Víðavangshlaup Íslands. Hann lagði til að það verði haldið að vori.

Jónas Egilsson sagðist vilja bíða niðurstöðu þings áður en mótinu verði úthlutað og að komandi stjórn ákveði framhaldið.

Kári Jónsson benti á að eins og skipuritið lítur út nú þá fer bikarkeppnin til UMSB sem hefur sótt um mótið.

Samþykkt samhlj.

Þingskjal 7 Um skipan fagteymis fyrir frjálsíþróttamenn

Nefndin lagði til að tillaga stjórnar FRÍ yrði samþykkt óbreytt.

Birgir Guðjónson sagðist ánægður með tillöguna. Hann lagði til smá orðalagsbreytingu í lok síðustu málsgreinar. Sagði illa hafi verið staðið að málum lengi en staðan hafi batnað síðan 1992 þegar áttak var gert í námskeiðahaldi. Hann kvaðst sjálfur hafa skrifað námsefni. Hann sagði okkur hafa verið aftarlega á þessi sviði en nú horfir til betri vegar. Fagteymið gæti þurft að virka bæði sem stoð- og eftirlitsaðili. Mikill grunnur er til og verið er að endurskrifa leiðbeiningar hjá IAAF. Hann sagði teymið verða að vera óháð. Þyrfti að vera á vegum ÍSÍ en það verður vart með núverandi forystu ÍSÍ.

Tillagan með breytingartillögu Birgis hljóðaði eftirfarandi:

54. frjálsíþróttarþing, haldið í Mosfellsbæ 26. og 27. mars 2004, samþykkir að fela stjórn FRÍ að koma á fagteymi fyrir frjálsíþróttamenn sem fyrst. Þetta fagteymi verði með óháðum aðilum t.d. í samvinnu við Íþróttufræðasetur KHÍ á Laugarvatni, háskólastofnanir og fleiri.

Breytingartillaga Birgis var samþykkt samhljóða.

Tillagan í heild með áorðnum breytingum var síðan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 15. Engin einstaklingsverðlaun í Bikarkeppni FRÍ

Var einnig til meðferðar í laganefnd.

Nefndin lagði til breytingar á upprunalegri tillögu og hljóðaði tillagan eftirfarandi með breytingartillögum:

54. Frjálsíþróttabing, haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004, samþykkir að gera þá breytingu við framkvæmd Bikarkeppni FRÍ að engin einstaklingsverðlaun verði veitt. Auk hefðbundinna verðlauna fyrir stigakeppni liða, fái hver þátttakandi í sigurliði sérstaka viðurkenningu.

Arnþór Sigurðsson sagðist ekki sjá hvar hægt væri að koma fyrir umræðu um að lítil félög geti tekið þátt í bikarum. Vill fækka greinum í 2. deild þess vegna.

Þingforseti sagðist taka þessu sem ábendingu.

Kári benti á að ekki væri verið að fjalla um tillögu er snerti það sem Arnþór væri að tala um.

Albert Þór Magnússon kvaðst vilja halda inni einstaklingsverðlaunum.

Stefán spyr um meðferð málsins af hálfu þingforseta.

Umræða um þingsköp var þá opnuð af forseta þar sem hann kvað upp úr með að fyrst verði greidd atkvæði um tillögu nefndarinnar en ef hún verði felld þá um upprunalegu tillöguna.

Albert Þór Magnússon lagði til að breytingatillaga nefndarinnar verði felld en að upprunalega tillagan standi.

Kári Jónsson sagði hér tilefni til að áréttá mikilvægi þess að þingfulltrúar vinni í þingnefndum til að einfalda umræður á þinginu. Varðandi tillöguna kvaðst hann styðja þá hugmynd að sleppa verðlaunum til einstaklinga til að einfalda mótið og leggja áherslu á liðakeppnina.

Magnús Jakobsson kvaðst ósammála nefndarálitinu.

Katrín Atladóttir benti á að hafa yrði í huga að verlaunaafhending tekur langan tíma.

Tillaga allsherjarnefndar var borin undir atkvæði.

Samþykkt með 15 atkvæðum gegn 8.

Þingskjal 16 Stigagjöf á MÍ

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt án breytinga.

54. Frjálsíþróttabing haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 felur stjórn FRÍ að skipa þriggja manna nefnd til að útfæra nýja stigagjöf fyrir stigakeppni MÍ aðalhluta sem hafi það að markmiði að:

1. Hvetja allt besta frjálsíþróttafólk landsins til þátttöku í MÍ.
2. Hvetja þátttakendur til að ná eins góðum árangri og mögulegt er í hverri grein í stað þess að leggja megináherslu á röð/sæti í keppninni.
3. Koma í veg fyrir þátttöku einstaklinga sem ekki eiga erindi í keppni meðal þeirra bestu á landinu.

Nefndin skal ljúka störfum fyrir lok apríl 2004. Keppt skal eftir nýjum reglum um stigakeppni árið 2004 samþykki stjórn FRÍ tillögur nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 19 Landskeppni

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt óbreytt.

54. Frjálsíþróttabing haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 samþykkir að fela stjórn FRÍ að vinna að því að koma á árlegri landskeppni í frjálsíþróttum á milli Íslendinga og einhverra tveggja nágrannabjóða okkar. Miðað væri við að tveir kepptu í hverri grein frá hverju landi.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 20 Landskeppni UMFÍ

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt óbreytt.

54. Frjálsíþróttabing haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 fagnar ákvörðun síðasta UMFÍ þings þess efnis að opna keppni á Landsmótum UMFÍ fyrir keppendum frá íþróttabandalögum.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 23

Nefndin lagði til að tillagan verði felld.

54. Frjálsíþróttabing haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 samþykkir að frá og með árinu 2004 verði keppt í einni deild í Bikarkeppni FRÍ og fjöldi stiga fyrir hverja keppnisgrein miðist við fjölda keppnisliða.

Magnús Jakobsson. Sér ekki hvers vegna þessi tillaga sé til meðferðar hjá allsherjarnefndar. Keppnin verður of umfangsmikil fyrir áhorfendur, líklega um 3 klst. of mikið fyrir sjónvarp.

Tillagan felld með 18 atkvæðum gegn 1.

Þingskjal 24 Skipuleg leit að efnilegum börnum og unglungum

Nefndin lagði til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

54. Frjálsíþróttabing haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 felur stjórn að skipa starfshóp til að móta tillögur um skipulega leit að efnilegum börnum og unglungum til að æfa frjálsíþróttir. Hópurinn fjalli m.a um eftirfarandi þætti:

- Útfærslu aðgengilegra prófa sem gefa til kynna styrk hvers einstaklings og vísbendingar um greinar sem kynnu að liggja vel fyrir.
- Gerð leiðbeininga fyrir íþróttakennara í grunn- og framhaldsskólum um notkun slíkra prófa og túlkun niðurstaðna.
- Skipulagningu einfaldra frjálsíþróttamóta eða viðburða þar sem byrjendum gefst kostur á að spreyta sig á ýmsum greinum og fá tilsögn eftir atvikum.
- Gerð fræðsluefnis sem unnt er að senda efnilegum börnum og unglungum og leitast þannig og með annarri eftirfylgni við að fá þau til að hefja æfingar.
- Skipulagningu skólamóta og annarrar keppni sem hafi það að markmiði að ná sem mestum fjölda keppenda og vaxandi nýliðun í frjálsíþróttadeildum.
- Skipulagningu sérstakra æfingabúða/helgarnámskeiða á vorin og haustin fyrir efnilega byrjendur úr röðum barna og unglunga.

Þórarinn Sveinsson varaði við hættunni af því að þetta verði notað til að beina börnum í ákveðnar greinar of snemma.

Þráinn Hafsteinsson fagnaði tillögunni og kvaðst sannfærður um að þjálfarar muni vinna verk sín vel.

Kári Jónsson kvaðst vera á móti afreksmennsku í 15 ára og yngri og sagðist því ekki meðmæltur tillögunni.

Jónas Egilsson kvaðst hlyntur tillögunni og sæi ekkert athugavert við að leita að efnilegu fólki. Hann sagði að þegar kæmi að framkvæmd muni FRÍ leita til sambandsaðila. Þá benti hann á að vegna strjállar byggðar víða út um land henti frjálsíþróttir Íslendingum vel.

Birgir Guðjónsson benti á að Íslandsmeistari kvenna í fimleikum er 12 ára.

Kári sagði gaman að mæla árangur en sagði það rekast á grundvallarmarkmið í starfinu. Hann sagðist hafa reynt að halda aftur af börnum í afrekskeppni og sagði hér um mikinn áherslumun að ræða og að formleg keppni gæti skemmt áhuga því rannsóknir hafi sýnt að oftast er um 10 ára líftíma að ræða undir handleiðslu skipulegrar þjálfunar. Því þurfi slíkt að byrja á unglingsárum, ekki á barnsaldri. Börn þurfi hins vegar hreyfingu. Þá sagði hann það skoðun sína að hæfileikaleit höfði ekki til foreldra barna.

Þórólfur Þórlindsson vísaði í rannsóknir um að erfitt sé að sjá hverjir verða afreksmenn. Mestu afreksmenn hafa áhuga og eru frekar seinþroska. Hann kvaðst telja þátttöku mikilvæga en mat á árangri ekki og benti á að próf hafi verið notuð erlendis til að finna efnilega einstaklinga sem hafi ekki komið vel út. Hann nefndi sem dæmi að Vilhjálmur Einarsson hafi ekki veri álitinn efnilegur stökkvari. Áherslu þurfi því að leggja á þátttöku fjöldans. Hann lagði til að sá hluti tillögunnar er varðaði prófin yrði strikaður út.

Sigurður P. Sigmundsson sagði margt í tillögunni styðja við markvisst útbreiðslustarf og benti á að við stöndum í slag við aðrar greinar um þátttakendur og að börn þurfi að fá áhuga snemma þó keppnin komi síðar.

Þingforseti lagði til að tillögu verði vísað til stjórnar í samráði við Stefán, flutningsmann.

Samþykkt samhljóða að vísa til stjórnar.

Þingskjal 25. Um umgjörð frjálsíþróttamóta og upplýsingagjöf

Nefndin lagði til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

54. Frjálsíþróttarþing haldið í Mosfellsbæ 26.-27. mars 2004 felur stjórn að skipa starfshóp til að móta tillögur og undirbúa átak til að bæta umgjörð frjálsíþróttamóta og efla upplýsingagjöf til áhorfenda og fjölmiðla. Hópurinn fjalli m.a um eftirfarandi þætti:

- Nýtingu tölvutækni til að koma upplýsingum um árangur á framfæri án tafar, s.s. á ljósatöflum, flettisþjöldum, tölvuskjám og með lýsingum þula, eins eða fleiri.
- Endurbætur á leikskrá til að gefa betri mynd af getu keppenda og að hvaða árangri hver og einn stefnir.
- Útgáfu á aðgengilegu fræðsluefni um helstu reglur og lykilatriði í tækni í hverri grein til að áhorfendur og fjölmiðlamenn geti betur áttað sig á því hvað er að gerast á hverjum tíma.
- Stöðuga uppfærslu á afrekskrám hvers tímabils til að unnt sé að sjá án tafar hvernig árangur á móti er í samanburði við fyrri mót.

54. Þing Frjálsíþróttasambands Íslands

- Röðun á tímaseðli til að tryggja að aldrei komi dauðir punktar og að lykilgreinar fái óskipta athygli.

Hópurinn starfi fram að næsta Frjálsíþróttapiingi og gefi því skýrslu um störf sín og komi jafnframt með tillögur um áframhaldandi starf og verkefni til úrlausnar.

Arnþór Sigurðsson kvaðst fagna tillögunni.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 26. Mótaskrá FRÍ 2004

Nefndin lagði til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

<u>Dags.</u>	<u>Mót.</u>	<u>Staður:</u>	<u>Mótsh.</u>
31.-01.feb.	MÍ 15-22 ára	Fífan	Breiðabl.
14.-15.feb.	MÍ aðalhluti	Kaplakriki/Baldursh.	FH
21.-22.feb.	MÍ í fjölþrautum	Egilshöll	ÍR
28.feb.	MÍ öldunga	Baldurshagi	Ármann
06.-07.mars	MÍ 12-14 ára	Egilshöll	Fjöltnir
05.-07.mars	HM innanhúss	Budapest	HUN
20.-21.mars	HM í Víðavangshlaup	Brussel	BEL
05.-06.júní	MÍ og Bikarkeppni FRÍ í fjölþr.	Reykjavík	Ármann
19.-20.júní	Evrópubikarkeppni landsliða	Laugardalsvöllur	ISL
19.-20.júní	NM unglíngla í fjölþrautum	Jyvaskylá	FIN
25.-27.júní	Goggi Galvaski	Mosfellsbæ	UMFA
03.-04.júlí	Evrópubikarkeppni í fjölþrautum	Riga	LAT
08.-11.júlí	Landsmót UMFÍ	Sauðárkrókur	UMSS
13.-18.júlí	HM 19 ára og yngri (U20)	Grosseto	ITA
24.-25.júlí	Meistaramót Íslands	Reykjavík	Fjöltnir
30.-02.ág.	Unglingalandsmót UMFÍ	Sauðárkrókur	UMSS
06.-07.ág.	Bikarkeppni FRÍ	?	?
14.-15.ág.	MÍ 12-14 ára	Reykjavík	ÍR
20.-29.ág.	Ólympíuleikarnir	Aþenu	GRE
20.-21.ág.	MÍ öldunga	Akureyri	UFA/UMSE
21.-22.ág.	NM unglíngla 19 ára og yngri (U20)	Espoo	FIN
28.-29.ág.	MÍ 15-22 ára	Laugarvatn	HSK
11.sept.	Bikarkeppni FRÍ 16 ára og yngri	Borgarnesi	UMSB
11.-12.sept.	NM unglíngla 22 ára og yngri (U23)	Lillehammer	NOR
09.okt.	Víðavangshlaup Íslands	??	UÍA

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 27. Drög að mótaskrá FRÍ 2005

Nefndin lagði til breytingar á dagsetningum bikarkeppni FRÍ og MÍ 12-14 ára og að dagsetning víðavangshlaups Íslands yrði ákveðin síðar.

<u>Dags.</u>	<u>Mót.</u>	<u>Staður:</u>	<u>Mótsh.</u>
05.-06.feb.	MÍ 15-22 ára	Reykjav./Hafnarfj.	FH
12.-13.feb.	MÍ aðalhluti	Reykjavík	Á
19.-20.feb.	MÍ í fjölþrautum	Reykjavík	Fjöltnir
05.-06.mars	MÍ 12-14 ára	Kópavogur	Bblik
04.-06.mars	EM innanhúss	Madrid	ESP

54. Þing Frjálsíþróttasambands Íslands

12.-13.mars	Vetrarkastmót EAA	Óstaðsett	
12.mars	MÍ öldunga	Reykjavík	ÍR
19.-20.mars	HM í víðavangshlaupi	Saint Galmier	FRA
21.maí	Nordic 10000m Challenge	?	SWE
31.maí-4.júní	Smáþjóðarleikar	Andorra	AND
11.-12.júní	MÍ og Bikark. FRÍ í fjölþ.	Sauðárkrókur	UMSS
18.-19.júní	Evrópubíkarkeppni landsliða	Óstaðsett	
18.-19.júní	NM unglunga í fjölþrautum	?	SWE
24.-25. júní	Bíkarkeppni FRÍ	Óstaðsett	
24.-26.júní	Goggi Galvaski	Mosfellsbæ	UMFA
2.-3.júlí	Evrópubíkarkeppni í fjölþ.	Óstaðsett	
4.-8.júlí	Ólympíuhátíð æskunnar	Lignano	TA
14.-17.júlí	EM 20-22 ára (U23)	Erfurt	GER
14.-17.júlí	HM fyrir 17 ára og yngri	Marrakesh	MAR
21.-24.júlí	EM 19 ára og yngri (U20)	Kaunas	LTU
23.-24.júlí	Meistaramót Íslands	Vilhjálmsvöllur	UÍA
26.-31.júlí	Heimsmeistaramót öldunga	Edmonton	CAN
29.-31.júlí	Unglingalandsmót UMFÍ	Óstaðsett	
05.-14.ág.	Heimsmeistaramótið	Helsinki	FIN
13.-14.ág.	MÍ 15-22 ára	Laugardalsv.	Á
20.-21.ág.	MÍ 12-14 ára	Kaplakriki	FH
27.-28.ág.	NM 19 ára og yngri (U20)	NOR	
27.-28.ág.	MÍ öldunga	Vilhjálmsvöllur	UÍA
10.sept.	Bikark. FRÍ 16 ára og yngri	Laugarvatn	HSK
12.nóv.	NM í víðavangshlaupum	?	FIN
Ath. Dags.	Víðavangshlaup Íslands	Reykjavík	ÍR

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 28 Helstu mót 2006

Nefndin lagði til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Dags.	Mót.	Staður:	Mótsh.
11.-12.feb.	MÍ aðalhluti	Reykjavík	
18.-19.feb.	MÍ í fjölþrautum	Reykjavík	
25.-26.feb.	MÍ 15-22 ára	Reykjavík	
04.-05.mars	MÍ 12-14 ára	Reykjavík	
03.-05.mars	HM innanhúss	Moscow	RUS
11.-12.mars	Vetrarkastmót EAA	Óstaðsett	
11.mars	MÍ öldunga	Reykjavík	
01.-02.apríl	HM í víðavangshlaupi	Fukuoka	JPN
17.-18.júní	Evrópubíkarkeppnin	?	?
08.-13.ág.	Evrópumeistaramótið	Gautaborg	SWE
15.-20.ág.	HM unglunga 19 ára og yngri	Beijing	CHN

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 29. Skagfirðingum þakkað

Nefndin lagði fram nýja tillögu sem var eftirfarandi:

54. þing Frjálsíþróttasambands Íslands, haldið í Mosfellsbæ 26.-27.mars 2004 fagnar stórhug Skagfirðinga og þakkar stuðning við frjálsíþróttir. Bygging frjálsíþróttavallar á Sauðárkróki er lyftistöng fyrir traust uppbyggingarstarf í fjálsum íþróttum í Skagfirði.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 30. Uppbyggingu á Akureyri fagnað

Nefndin lagði fram nýja tillögu sem var eftirfarandi:

54. þing Frjálsíþróttasambands Íslands, haldið í Mosfellsbæ 26.-27.mars 2004 fagnar framtaki Akureyrarbæjar að hafa ráðist í byggingu fjölnota hússins Bogans. Stórbætt er nú aðstaða sem frjálsíþróttafólki á Akureyri og í næsta nágrenni yfir vetrartíman býðst.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 31. Uppbyggingu í Kópavogi fagnað

Nefndin lagði fram nýja tillögu sem var eftirfarandi:

54. þing Frjálsíþróttasambands Íslands, haldið í Mosfellsbæ 26.-27.mars 2004 fagnar uppbyggingu á frjálsíþróttaaðstöðu innanhúss í Kópavogi. Bæjaryfirvöld í Kópavogi eiga hrós skilið fyrir dyggan stuðning við frjálsar íþróttir.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal 8. Stigakeppni á MÍ

Endurupptaka úr laganefnd.

Samþykkt samhljóða að vísa til millipinganefndar.

Álit fjárhagsnefndar

Stefán Halldórsson gerði grein fyrir álit nefndarinnar.

Þingskjal 1. Rekstraráætlun FRÍ 2004 og 2005.

Nefndin lagði til að þingið skipi 3ja manna nefnd sem vinni með stjórn FRÍ að því að koma saman rekstraráætlun sem

- a) er sett upp í samræmi við framsetningu ársreiknings og skýringa 2003;
- b) er efnislega í samræmi við ársreikning 2003 (nema færð séu rök fyrir umtalsverðri breytingu á einstökum liðum);
- c) dregur sérstaklega fram þá liði sem eru byggðir á væntingum eða markmiðum.

Nefndin hafi umboð þingsins til að afgreiða áætlunina í samvinnu við stjórn FRÍ.

Náist ekki samkomulag skal nefndin boða til sérstaks fundar með aðildarfélögum FRÍ til að ræða og afgreiða rekstraráætlunina.

Rökstuðningur:

Fjárhagsáætlunin sem lögð er fram á þinginu er hroðvirknislega unnin og framsett, studd ófullnægjandi gögnum og liðir sem fela í sér væntingar eða markmið um árangur og þar með talsverða óvissu eru mun stærri að vöxtum en áætluð rekstrarafkoma.

Fjárhagsnefnd treystir sér ekki til að mæla með samþykkt hennar og hefur ekki nægar upplýsingar til að geta komið með heildstæðar tillögur um breytingar þannig að úr verði ásættanlegt skjal.

Helstu gagnrýnisþættir eru þessir:

a) Framsetning er ekki í samræmi við nýjustu ársreikninga. Í mörgum tilvikum er ill- eða ómögulegt að stemma einstaka liði af á grundvelli þeirra gagna sem þingfulltrúum voru afhent. Í stöku tilvikum er sundurliðun ekki nægileg til að unnt sé að meta hvort tölurnar séu raunhæfar eða ekki.

b) Fyrir tilviljun var einn nefndarmanna með afrit af reiknilíkani sem áætlunin virðist byggð á. Þó ber einstökum liðum líkansins ekki saman við áætlunina og svo er að sjá sem veigamikla þætti vanti í áætlunina og í sumum tilvikum sé rangt farið með tölur.

c) Tilteknir liðir byggjast á væntingum eða markmiðum um árangur í tekjuöflun sem ekki er í hendi eða er talsvert betri en náðist á síðustu ári eða árum. Nauðsynlegt er að gera þinginu grein fyrir þessum forsendum og jafnframt að benda á hvernig bregðast beri við ef forsendurnar ganga ekki eftir.

d) Tilteknir liðir þarfnast nánari útskýringa eða umræðu þar sem nefndin hefur efasemdir um að rétt sé að standa að málum með þessum hætti vegna hættu á mismunun eða ósanngirni.

Jónas Egilsson kvaðst ekki sammála Stefáni um að áætlunin sé illa unnin.

Stefán áréttaði hvar hann sér villur í áætluninni.

Jónas lagði til að tillögunni verði vísað til stjórnar til nánari umfjöllunar.

Þingforseti meðhöndlaði tillögu Jónasar sem breytingartillögu.

Einar K. Jónsson taldi ekki við hæfi að þingið vísaði áætluninni til stjórnar þar sem hún er sá rammi sem stjórninni er ætlað að vinna eftir. Því þurfi nefnd á vegum þingsins til að vinna málið.

Birgir Guðjónsson sagði það skoðun sína að tillaga Jónasar væri frávísunartillaga og því hafi átt að afgreiða hana strax í atkvæðagreiðslu.

Tillaga Jónasar var þá borin undir atkvæði og felld samhljóða.

Tillagan úr nefnd: Samþykkt samhljóða

Þingskjal 6. Um lækkun gjalda vegna þátttöku á mótum erlendis.

Nefndin lagði til að tillaga um lækkun gjalda vegna þátttöku á mótum erlendis hljóði svo:

54. frjálsíþróttaping, haldið í Mosfellsbæ 26. og 27. mars 2004, samþykkir svohljóðandi ályktun vegna þátttökugjalda keppenda og greiðslur félaga vegna keppenda fyrir árin 2004 og 2005:

- Þátttökugjald keppenda á mótum erlendis verði fellt niður.
- Greiðslur félaga vegna keppenda á mótum erlendis verði óbreyttar - kr. 8.000 á mann – en greiðist eingöngu vegna móta þar sem FRÍ fær ekki endurgreiðslu frá mótshöldurum að hluta eða öllu leyti.

Rökstuðningur fjárhagsnefndar:

Matarskatturinn er mjög óvinsæll meðal iðkenda, kemur misjafnlega niður á keppendum (sumir hafa komist upp með að greiða hann ekki) og skiptir litlu máli fyrir afkomu FRÍ.

Færa má rök fyrir því að félögin eigi að leggja sitt af mörkum til að stuðla að þátttöku íþróttafólks í mótum þegar ekki fæst styrkur frá alþjóðasamtökum og er hér lagt til að gjaldið haldist óbreytt.

Sigurður Haraldsson spurði um á hvaða mótum séu áætlanir um að félög þurfi að taka þátt í kostnaði.

Jónas skýrði frá hvernig fjárstreymi væri háttað í kringum mót og skoraði á þingheim að skoða vel hvernig félögin koma að þessu máli.

Sigurður Haraldsson sagði að samkvæmt textanum þurfi að borga á öllum mótum og sagði að sér fyndist 8000kr. of há upphæð. Hann lagði því til að hún verði lækkuð í þrepum eins og stjórn hefur lagt til og kom með breytingartillögu þar að lútandi.

Breytingartillaga Sigurðar var samþykkt samhljóða.

Tillagan með áorðnum breytingum var þá eftirfarandi:

54. frjálsíþróttaping, haldið í Mosfellsbæ 26. og 27. mars 2004, samþykkir svohljóðandi ályktun vegna þátttökugjalda keppenda og greiðslur félaga vegna keppenda fyrir árin 2004 og 2005:

- Þátttökugjald keppenda á mótum erlendis verði fellt niður.
- Greiðslur félaga vegna keppenda á mótum erlendis verði kr. 6.000 á mann á árinu 2004 og kr. 4.000 á árinu 2005.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 22 Þátttökugjald á MÍ öldunga

Nefndin lagði til nokkrar breytingar á tillögunni með breytingartillögum hljóðaði hún svo:

54. frjálsíþróttaping, haldið í Mosfellsbæ 26. og 27. mars 2004, samþykkir að þátttökugjald á MÍ öldunga verði 500 kr. á grein og að hámarki 1.500 kr. á hvern keppanda. Gjaldið renni allt til FRÍ til greiðslu kostnaðar og eflingar öldungastarfs.

Rökstuðningur:

Öldungastarf er utan við hefðbundið starf frjálsíþróttafélaganna og sambandsins og óháð fjárhag þeirra, að frátöldum kostnaði við verðlaun. Mótshaldið er það lítið að umfangi að félögin geta leyst það með lítilli fyrirhöfn. Því er ástæðulaust að gera öldungamót að tekjulind fyrir íþróttafélögin og nær að líta á það sem heiður og virðingarstarf að halda mótin.

Með lækkun þátttökugjalds er vonast til að þátttaka aukist. Ef afgangur verður af þátttökugjöldum eftir að kostnaður við verðlaun hefur verið greiddur er rétt að láta hann renna til eflingar öldungastarfsins.

Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2e

Fjárhagsnefnd tók tillöguna um skiptingu styrkja í hlutföllunum 80%-10%-10% ekki til umfjöllunar.

Þingforseti segir ekki hægt að afgreiða tillöguna.

Sigurður Haraldsson óskaði eftir að tillagan verði tekin til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða að greiða atkvæði nú um skiptinguna.

Tillaga um skiptinguna samþykkt samhljóða.

14. Kosningar

Nefnd til að fjalla um fjárhagsáætlun:

Kári Jónsson, Böðvar Sigurjónsson og Sverrir Guðmundsson.

Til vara: Helgi Haraldsson.

Kosning stjórnar:

Formaður uppstillinganefndar, Þórarinn Sveinsson, þakkar 7 ára samstarf í stjórn FRÍ en hann gefur ekki áfram kost á sér. Hann lagði fram eftirfarandi sem tillögur uppstillinganefndar:

Formaður: Jónas Egilsson

Stjórn: Einar K. Jónsson

Sonja Sif Jóhannsd.

Stefán Halldórsson

Unnur Sigurðardóttir

Til vara:

Birgir Guðjónsson

Hreinn Jónasson

Dóra Gunnarsdóttir

Gunnlaugur Karlsson

Sigurður P. Sigmundsson

Endurskoðendur:

Sigurður T. Sigurðsson og Viggó Jónsson.

Fulltrúar á ÍSÍ þing:

Böðvar Örn Sigurjónsson,

Gunnar Sigurðsson,

Kári Jónsson,

Sigurður P. Sigurðsson og

Þráinn Hafsteinsson

Til vara:

Helgi S. Haraldsson,

Ragnheiður Ólafsdóttir,

Ásbjörn Karlsson,

Magnús Jakobsson og

Hákon Guðmundsson

Allar tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

15. Önnur mál

Stefán Halldórsson, nýkjörinn stjórnarmaður, þakkaði traustið sem honum hefur verið sýnt með kosningu í stjórn og kvaðst fagna því að fá að starfa með Jónasi. Hann tók fram að meðferð fjárhagsáætlunar í fjárhagsnefnd hafi ekki falið í sér gagnrýni á störf stjórnar og sagði hana hafa unnið mjög vel.

Birgir Guðjónsson minnti á stórt verkefni á árinu sem væri framkvæmd Evrópubíkarkeppninnar. Hann sagði það á dagskránni að halda dómaranámskeið á árinu með Þorsteini. Hann upplýsti að þjófstartsúnaður væri komin til landsins sem mun gefa meiri nákvæmni í starti spretthlaupa. Hann þakkar síðan viðurkenningu þá er honum var veitt á þinginu og sagði í því samhengi að hann hafi tekið að sér að setja upp gagnagrunn um hverjir hafa fengið viðurkenningar. Enn vanti þó upplýsingar um nokkra aðila og því þurfi hann að leita til þeirra sem mögulega geta veitt þær. Þórólfur Þórlindsson þakkaði samstarfsfólki í stjórn FRÍ fyrir samstarfið. Talaði hann síðan um mikilvægi sjálfbodaliðastarfs sem unnið er af einstaklingum í hreyfingunni. Hann sagði mörg skemmtileg en erfið verkefni framundan og kvaðst bjartsýnn á að áherslur muni skila sér í betra starfi á öllum sviðum. Hann sagði nauðsynlegt að gefa börnum tækifæri til að keppa þó það sé með öðrum formerkjum en hjá fullorðnum. Þá hrósaði hann starfi Kára Jónssonar og sagðist ekki minnast þess að hafa haft jafn traustan samstarfsmann og hann þegar kom að því að afla fjár hjá opinberum aðilum til útbreiðslumála.

Jónas Egilsson, nýkjörinn formaður FRÍ, þakkaði gott þing og það traust sem nýkjörnum stjórnarmönnum hefði verið sýnt og taldi víst að það traust væri verðugt og bauð hann þá velkomna til starfa. Hann færði embættismönnum þingsins sérstakar þakkir fyrir þeirra framlag.

Hann sagði niðurstöður þingsins vera mikilvægt veganesti fyrir stjórn sambandsins og hreyfinguna í heild sinni. Óvenju mörg mál hefðu legið fyrir þessu þingi og það væri ómetanlegt fyrir forystu hreyfingarinnar að koma til fundar til skrafs og ráðgerðar um framtíðina. Það væri þannig að þó tækist væri á um málefni á þinginu, að þá yrðu menn að taka saman höndum að því loknu og vinna að hagsmunum hreyfingarinnar sem einn maður.

Þá þakkaði Jónas ennfremur einstaklingum úr fráfarandi stjórn fyrir þeirra framlag, sérstaklega Gunnlaugi Karlssyni fyrrverandi gjaldkera sambandsins, en framlag hans hefði skipt sköpum fyrir fjárhag hreyfingarinnar.

Að lokum óskaði formaður öllum velfarnaðar og góðrar heimferðar og sagði 54. frjálsíþróttapingi slitið.

Þingritari: Hafsteinn Óskarsson